

NEYTENDA BLAÐIÐ

4. tbl. 62. árg. - desember 2016

Þing NS

- *Ný stjórn tekur við*

*Ný snertilaus
greiðslukort*

SJÓNVÖRP

- *gæðakönnun*

Neytandinn

- *app fyrir neytendur*

Gjafabréf
og skilaréttur



Vitundarvakning neytenda

Íslenskir neytendur hafa ávallt átt undir högg að sækja. Stjórnvöld hafa tekið hagsmuni framleiðenda fram yfir hagsmuni neytenda. Birtist það einna skýrast í landbúnaðarmálum, en stjórnvöld halda uppi dýru haftakerfi til að hindra innflutning landbúnaðarafurða. Reikningurinn er sendur til neytenda, sem ekki aðeins þurfa að greiða hærra verð fyrir matvæli en ella, heldur greiða þeir einnig beina styrki til landbúnaðar í gegnum skatta. Að sögn er þessu kerfi ætlað að standa vörð um innlenda matvælaframleiðslu en reyndin hefur sýnt að það þjónar íslenskum bændum illa og virðist helst gagnast afurðastöðvum og milliliðum.

Ráðamenn sýna hagsmunum neytenda lítinn skilning. Reglugerð um „vistvæna“ landbúnaðarframleiðslu, sem gaf framleiðendum heimild til að merkja framleiðslu sína sérstaklega með merki, samþykktu af stjórnvöldum, um að framleiðslan væri vistvæn þrátt fyrir að ekkert raunhæft vottunarkerfi væri til staðar og staðlar væru óljósir, fékk að vera í gildi í á annan áratug þrátt fyrir mótmæli Neytendasamtakanna. Þegar reglugerðin var loks felld úr gildi á síðasta ári tilkynnti ráðuneytið og ráðherrann sérstaklega að framleiðendum væri áfram heimilt að nota merkið en gerðu það eftirleidis á eigin ábyrgð. Með því stuðluðu stjórnvöld að því að neytendur væru blekktir á kerfisbundinn hátt. Afleiðingar þess birtust almenningi þegar eggjaframleiðandi varð uppvís að því að merkja framleiðslu sína með vistvæna merkinu þrátt fyrir að aðbúnaður varphæna uppfyllti ekki lágmarkskröfur, sem gerðar eru til hefðbundins landbúnaðar.

Ísland hefur lögfest flestar reglur um neytendavernd, sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Hugarfar ráðamanna virðist ekki hafa meðtekið þær breytingar sem orðið hafa á evrópski neytendavernd og gildir þar einu hvort litið er til ráðuneyta eða stofnana. Íslenskir dómstólar hafa einnig brugðist íslenskum neytendum og mun Hæstiréttur Íslands vera eini landsdómstóllinn innan EES sem hefur gengið gegn ráðgefandi áliti EFTA dómstólsins. Það gerðist í verðtryggingarmáli. Hæstiréttur Íslands varð að teygja sig svo langt í því máli að skilgreina alla íslenska neytendur sem sérfræðinga í þeim sérlega flóknu afleiðuvíðskiptum, sem verðtryggðir lánasamningar eru. Hæstiréttur lét þar ekki staðar numið heldur lét hann ótalið að lánastofnunin hafði ekki uppfyllt skyldur sínar um upplýsingamiðlun til neytandans við lántökuna og ógilti þar með viðurkenndan grundvallarrétt allra neytenda í víðskiptum við lánastofnanir.

En íslenskir neytendur eru að vakna til vitundar um rétt sinn og hvernig á honum er brotið. Umræðan í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum nú í haust um okur og óhóflegan verðmun milli Íslands og annarra landa er til merkis um það.

Ég tók við formennsku í Neytendasamtökunum á þingi þeirra í október. Ég tók við góðu búi af forvera mínum, Jóhannesi Gunnarssyni, sem í rúma þrjá áratugi hefur leitt baráttu íslenskra neytenda. Við eigum honum mikið að þakka og það verður ekki auðvelt að fara í sporin hans. Ég mun hins vegar gera mitt besta til að byggja á þeim góða grunni sem Jóhannes hefur lagt.

Ég sendi félagsmönnum mínar bestu jóla- og áramótakveðjur.

Ólafur Arnarson

Efni

Leiðari	2
Þing NS	3
Áherslur NS	4
Reynslusögur	6
Enn grænni jól	8
Allir fá þá eitthvað fallett?	10
Algengar kvartanir eftir jólin	11
Sjónvörp – gæðakönnun	12
Neytandinn - nýtt app	14
Skil á leiguíbúð	16
Snertilaus kort	18
Heimurinn í hættu	20
Hvað er leður?	22



Blaðið er prentað á umhverfisvænan hátt.

NEYTENDABLAÐIÐ

4. tbl. 62.árg. desember 2016

Útgefandi: Neytendasamtökin,
Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík

Sími: 545 1200

Veffang: www.ns.is

Netfang: ns@ns.is

Ábyrgðarmaður: Ólafur Arnarson

Umsjón með gæðakönnun: Hildur Sif Thorarensen

Umbrot og hönnun: Lýðveldið

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja, umhverfisvottuð prentsmiðja.

Forsíðumynd: istockphoto

Upplag: 8.400 eintök, blaðið er sent öllum félagsmönnum í Neytendasamtökunum.

Árgjald Neytendasamtakanna árið 2016 er 5.400 krónur og innifalið í því er m.a. Neytendablaðið, 4 tölublöð á ári.

Heimilt er að vitna í Neytendablaðið í öðrum fjölmiðlum sé heimildar getið. Óheimilt er þó að birta heilar greinar eða töflur án leyfis Neytendasamtakanna. Upplýsingar úr Neytendablaðinu er óheimilt að nota í auglýsingum og við sölu nema skriflegt leyfi Neytendasamtakanna liggja fyrir.

Lykilorð á heimasíðunni:

Notendanafn: félagi

Lykilorð: pakki16



Þing Neytendasamtakanna var haldið 22. október sl. í veislusal Rúgbrauðsgerðarinnar í Borgartúni. Þing Neytendasamtakanna hefur sjaldan verið jafn fjölmennt og í ár, en á fjórða hundrað manns tilkynntu komu sína, og því ljóst að mikill áhugi er á málefnum samtakanna.

Jóhannes Gunnarson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku og lét því af störfum eftir 34 ára farsælt starf í þágu Neytendasamtakanna. Fimm einstaklingar buðu sig fram til formanns Neytendasamtakanna, en það voru þau Árni Eðvaldsson, Guðjón Sigurbjartsson, Ólafur Arnarson, Pálmey Gísladóttir og Teitur Atlason. Að lokinni talningu atkvæða lá fyrir að Ólafur Arnarson hafði borið sigur úr býtum með meirihluta greiddra atkvæða.



Vantar þig iðnaðarmann?

Flest okkar þurfa einhvern tímann á lífsleiðinni að ráða til okkar iðnaðarmann, hvort sem það er múrari, pípari, smiður eða rafvirki. Margir eru þegar farnir að huga að framkvæmdum næsta sumars, sérstaklega utan húss. Sumir eru meira að segja búnir að hafa samband við iðnaðarmenn nú þegar til þess að gulltryggja sér þjónustu þeirra í tíma.

Flest þeirra erinda sem berast Neytendaaðstoð Neytendasamtakanna, og varða iðnaðarmenn, snúa að því að verkkaupa berst hærrí reikningur við verklok en samið hafði verið um í upphafi. Í mörgum tilfellum hefur verðáætlun einungis verið gefin munnlega og því erfitt að færa sönnur á hvað nákvæmlega fólst í samningi aðila. Vegna erfiðrar sönnunarstöðu á munnlegum samningum er mjög mikilvægt að gera alltaf skriflegan samning um það verkefni sem um ræðir og kostnaðinn sem því fylgir. Þá er ekki síður mikilvægt að iðnaðarmaður sem fenginn er í verkið sé sannanlega með þau réttindi sem hann gefur sig út fyrir að vera með og sé meðlimur í viðkomandi fagfélagi. Neytendasamtökunum hafa því miður borist erindi þar sem í ljós hefur komið að iðnaðarmaður, sem neytandi hefur ráðið til að sinna ákveðnu verki, er alls ekki faglærður í viðkomandi iðngrein. Þetta er mjög slæm staða og kemur því miður óorði á raunverulega fagmenn á sviðinu. Til þess að fullvissa sig um að hann sé raunverulega fagmaður á sínu sviði er t.d. hægt að biðja hann um að framvísa staðfestingu á löggildingu. Komi upp ágreiningur varðandi vinnu eða reikning frá iðnaðarmanni, sem aðilar geta ekki leyst úr sín á milli, geta félagsmenn Neytendasamtakanna leitað til Neytendaaðstoðarinnar og óskað eftir milligöngu hennar í málinu. Leyst málið ekki á þessu stigi er einnig hægt að fara með málið fyrir kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa sem hefur aðsetur hjá Neytendastofu.

Stjórn Neytendasamtakanna 2016-2018 er þannig skipuð:

Ólafur Arnarson – Formaður

Ása Steinunn Atladóttir – Varaformaður

Gunnar Alexander Ólafsson – Ritari

Stella Hrönn Jóhannsdóttir – Gjaldkeri

Aðrir í stjórn:

Björn Þór Karlsson

Dominique Plédel Jónsson

Fríða Vala Ásbjörnsdóttir

Guðni Gunnarsson

Katrín Þorvaldsdóttir

Ragnar Unnarsson

Sigurður Másson

Stefán Hrafn Jónsson

Pórey S. Þórisdóttir

Ábyrgð á hugbúnaði

Lög um neytendakaup gilda um það þegar neytandi kaupir vöru af aðila sem hefur atvinnu af söluinni. Í skilningi laganna er neytandi einstaklingur sem kaupir söluhlut utan atvinnurekstrar. Það kemur fram í lögum um neytendakaup að þau eru ófrávíkjanleg og af því leiðir að þau réttindi sem veitt eru neytendum með lögumum eru lágmarksréttindi. Því er ekki heimilt að semja um lakari rétt neytendum til handa en löggin áskilja.

Í lögumum er kveðið á um tvenns konar kvörtunarfrest vegna galla. Meginreglan er sú að neytandi hefur tvö ár frá afhendingu söluhlutar til að kvarta vegna galla, en í lögumum er jafnframt kveðið á um lengri frest, eða fimm ár frá afhendingu, ef söluhlut er ætlaður verulega lengri endingartími en gerist almennt með hluti.

Neytendaaðstoðinni berast margar fyrirspurnir og kvartanir vegna galla í farsímum og tölvum. Í mörgum tilvikum er um að ræða galla í hugbúnaði viðkomandi tækja, en mörg fyrirtæki halda því fram að slíkur hugbúnaður falli ekki undir lögbundinn tveggja ára kvörtunarfrest. Þegar slík gallamál koma upp hafa fyrirtæki því rukkað neytendur vegna lagfæringar á galla í hugbúnaði, þrátt fyrir að ekki sé unnt að undanskilja hugbúnað frá lögum um neytendakaup þegar um galla er að ræða.

Neytendaaðstoðin hefur ítrekað greint fyrirtækjum frá því að hugbúnaður falli undir ákvæði laga um neytendakaup er varðar galla. Mörg fyrirtæki hafa ekki farið eftir því og halda áfram að rukka fyrir viðgerð á galla í hugbúnaði sem kemur fram innan lögbundins kvörtunarfrest. Með slík mál er hægt að leita til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa.



ÁHERSLUR NEYTENDASAMTAKANNA 2016-2018

Á þingi Neytendasamtakanna í október sl. voru samþykktar áherslur samtakanna fyrir 2016-2018. Um var að ræða margvíslegar áherslur, enda neytendamál umfangsmikið svið sem skipta má niður í ýmsa flokka. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir helstu áherslur samtakanna í neytendamálum en á heimasíðu samtakanna er að finna áherslur þingsins í heild sinni.

Markaðssetning

Auðvelt þarf að vera að bera saman verð á milli söluaðila og til verður að vera einföld verðskrá sem nær yfir allar tegundir þjónustu. Þannig eiga neytendur að geta gert verðsamanburð á milli seljenda með einföldum hætti. Þá ætti að vera óheimilt að veita samtvinnuþjónustu, enda kemur slíkt í veg fyrir verðsamanburð.

Samkeppni

Efla þarf samkeppni á fjármála-, matvöru-, orkumála- og eldsneytismarkaði. Ljóst er að fákeppni ríkir á fjórgreindum mörkuðum og því þurfa samkeppnisyfirlönd að fara í átak sem miðar að aukinni samkeppni. Í því skyni þyrfti að koma upp reiknivélum á veraldarvefnum svo hægt sé að bera saman verð á slíkri þjónustu. Þetta á sérstaklega við um váttrygginga- og fjármálamarkaðinn. Einn liður í því að auka samkeppni á fjármálamarkaði væri til dæmis að afnema með öllu stimpilgjöld og uppgreiðslugjöld lána.

Yfirvöld þurfa að tryggja að brotum á samkeppnislögum sé fylgt fast eftir og að refsingar vegna slíkra brota verði hertar. Efla þarf Samkeppniseftirlitið til muna. Þá verður að tryggja að samkeppnislög nái að fullu til mjólkuriðnaðarins eins og annarra atvinnugreina. Neytendasamtökin leggja því áherslu á að við endurskoðun búvöruna verði undanþága mjólkuriðnaðarins felld úr gildi.

Landbúnaður

Neytendasamtökin gera kröfu um að vera þátttakendur í viðræðum um framtíð landbúnaðarins, sem atvinnugreinar, í starfshópum á vegum hins opinbera sem varða neytendamál í landbúnaðarframleiðslu.

Neytendur höfðu miklar væntingar þegar stefnt var að auknum viðskiptum landa á milli með landbúnaðarvörur á grundvelli alþjóðlegra samninga. Með tæknilegum viðskiptahindrunum hefur þó tekist að mestu að hafa af neytendum þann ávinning sem vænst var.

Neytendasamtökin krefjast þess að fyrirkomulagi innflutnings landbúnaðarvara verði breytt með hagsmuni neytenda að leiðarljósi.

Efnahagsmál og fjármál heimilanna

Neytendasamtökin krefjast þess að verðtrygging á húsnæðis- og neytendalánnum verði afnumin. Nauðsynlegt er að efla verulega neytendavernd á fjármálamarkaði og tryggja upplýsingagjöf til neytenda samhliða lántöku. Þá verður að aðskilja banka annars vegar í viðskiptabanka og hins vegar fjárfestingabanka og ætti ríkisábyrgð á innistæðum ekki að ná til fjármálafyrirtækja sem stunda fjárfestingabankastarfsemi.

Í tilskipun ESB um óréttmæta skilmála í neytendasamningum, EBE/93/13, er kveðið á um að útreikningi á upphæð afborgana skuli lýst með nákvæmum hætti í verðtryggðum lánasamningi ella sé verðtryggingar-ákvæðið ekki bindandi fyrir lántakanda og teljist óréttmætt. Í verðtryggðum íslenskum skuldabréfum kemur ekki fram skýr lýsing á útreikningi verðbóta. Í nýlegu áliti EFTA dómstólsins er brýnt fyrir landsdómstólum að taka fullt mið af tilskipun ESB við úrlausn ágreiningsmála sem snúa að tilskipuninni. Þing

Neytendasamtakanna tekur undir þetta. Mikilvægt er að neytendur njóti ávallt vafans í samræmi við alþjóðlegar grundvallarreglur neytendaréttar.

Opinber þjónusta

Neytendasamtökin skora á stjórnvöld að tryggja þegar í stað aðgengi allra að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu óháð efnahag.

Geðheilbrigðisþjónustu þarf að efla og bæta verulega. Mikilvægt er að sálfræðiþjónusta sé niðurgreidd.

Neytendasamtökin krefjast þess að fjárframlög ríkisins til heilbrigðisþjónustu verði þegar í stað aukin. Sjúklingar búa við ófullnægjandi aðbúnað vegna pláss- og aðstöðuleysis auk ófullnægjandi sýkingavarna. Afleiðingar framangreinds eru það alvarlegar að við þetta verður ekki unað.

Matvæli

Neytendasamtökin gera kröfu til þess að upprunamerkingar séu á öllum matvælum, hvort sem þær eru í lausu, í neytendaumbúðum, í magninnkaupum, á veitingahúsum eða í mötuneytum. Þá telja samtökin að annars vegar eigi að hækka sykurskatt en hins vegar eigi að afnema skatta af ávöxtum og grænmeti. Þannig á að skapa hvata hjá framleiðendum til að draga úr viðbættum sykri. Að auki á að banna auglýsingar og aðra markaðssetningu á sykrudum matvælum til barna.

Umhverfi, siðræn neysla og sjálfbærni

Mikilvægt er að farið sé í átak bæði með fræðslu og verkefnum til að draga úr matarsóun, sem stuðlar að lækkun á vöruverði án þess að draga úr gæðum.

Opinberar stofnanir eiga að vera fyrirmynd í þessum eignum. Leggja skal þá skyldu á verslanir að gera áætlanir um það hvernig þær ætli að koma í veg fyrir sóun matvæla. Í stað förgunar skal stuðla að nýtingu matvæla, t.d. með því að leggja skyldu á dreifingaraðila að þeir afhendi góðgerðarsamtökum það sem nýtilegt er.

Fyrirkomulag neytendamála, neytendalöggjöf og neytendafræðsla

Stefna ætti að því að koma á fót smámálameðferð fyrir dómstólum, eins og þekkist víða í Evrópu, enda er afar kostnaðarsamt að reka mál fyrir dómstólum hér landi og svarar það sjaldnast kostnaði þegar um minni hagsmuni er að ræða. Þá þurfa stjórnvöld að styðja betur við almenna hagsmunagæslu Neytendasamtakanna með auknum fjárveitingum og styrkja starfsemi Neytendastofu.

Ríkissjónvarpið ætti að útbúa fasta sjónvarpsþætti um málefni neytenda þar sem fram færi neytendafræðsla, til að mynda varðandi fjármálalæsi. Einnig þarf að efla slíkt innan skólakerfisins og brýnt er að neytenda- og fjármálafræðsla sé skyldufag á tveimur fyrstu árum framhaldsskóla.

Öryggi vöru og þjónustu, staðlar

Staðlar eru mikilvægir fyrir neytendur og það er eðlileg krafa að stjórnvöld geri Neytendasamtökunum kleift að sinna þessum málum miklu betur en nú er gert. Horfa skal til Norðurlandanna varðandi samstarf stjórnvalda og neytendasamtaka til eflingar neytendastaðla og koma svipuðu fyrirkomulagi á fót hér á landi.

Neytendasamtökin skora á stjórnvöld að leggja ríkari áherslu á öryggi vöru og þjónustu. Efla þarf fræðslu til neytenda og eftirlit á markaði með öryggi vöru og þjónustu. Einnig þarf að styrkja rannsóknir á eignum sem snúa að matvælum og öðrum neysluvarningi.

Auka þarf verulega fjármagn til vegamála. Brýnt er að bæta viðhald vega og auka nýframkvæmdir en styðjast skal við staðla við vegaf framkvæmdir og rekstur. Mikil umferðaraukning hefur orðið á síðustu árum en fjármagn til vegamála hefur ekki aukist í neinu samræmi við það. Fjárskortur hefur bein áhrif á umferðaröryggi og fjölda slysa í umferðinni.

Frá Neytendaaðstoðinni:



SÓFI ENDURGREIDDUR

Maður keypti sófa í húsgagnaverslun og bauðst verslunin til þess að senda sófann heim. Þegar sófinn kom var hann vel innpakkaður en þegar tekið var utan af sófanum kom í ljós að hann var brotinn. Maðurinn hafði strax samband við verslunina og tilkynnti þeim um málið en verslunin vildi ekki bera ábyrgð á tjóninu heldur vísaði á flutningsfyrirtækið. Þegar maðurinn hafði samband við flutningsfyrirtækið neitaði það alfarið ábyrgð og vísaði á verslunina. Ráðþrota leitaði maðurinn til Neytendaaðstoðarinnar sem tók milligöngu í málinu og hafði samband við bæði verslunina og flutningsaðilann. Málinu lyktaði þannig að verslunin samþykkti að endurgreiða sófann að fullu.

Símatími Neytendaaðstoðarinnar er alltaf virka daga frá kl. 10:00-12:00 og 12:30-15:00. Símatími fyrir þá sem ekki eru í samtökunum er á mánudögum og fimmtudögum.

INNEIGN KEYPT HJÁ RÖNGU FJARSKIPTAFYRIRTÆKI

Félagsmaður í Neytendasamtökunum hafði samband við Neytendaaðstoðina þar sem hann hafði fyrir mistök keypt frelsisneign að upphæð 5.000 kr. hjá öðru fjarskiptafyrirtæki en því sem hann var í viðskiptum við. Eftir að hann áttaði sig á mistökum sínum hafði hann samband við fjarskiptafyrirtækið og óskaði eftir endurgreiðslu.

Fjarskiptafyrirtækið samþykkti endurgreiðslu en hún barst þó aldrei þrátt fyrir ítrekanir frá félagsmanninum. Neytendaaðstoðin hafði þá samband við fjarskiptafyrirtækið fyrir hönd félagsmannsins og urðu lykktir málsins þær að hann fékk frelsisneignina endurgreidda.



Frá Leigjendaaðstoðinni:



Leigusali lætur ekki vita

Litháísk hjón gerðu leigusamning við leigusala þann 15. ágúst 2015. Þann 16. september 2016 er þeim tilkynnt að nýr eigandi hafi eignast fasteignina á nauðungarsölu, áður en þau gerðu leigusamning við leigusalann sinn, eða í júlí 2015. Þá tilkynnir maðurinn hjónunum að þau þurfi að flytja úr fasteigninni í síðasta lagi þann 3. október, þar sem nýi eigandinn stundi ekki útleigu fasteigna. Hjónin höfðu samband við Leigjendaaðstoðina og báðu um aðstoð. Leigjendaaðstoðin hafði samband við nýja eigandann og samdi um lengri uppsagnarfrest fyrir hjónin.


Uppsagnarfrestur ekki virtur

Leigutaki leitaði til Leigjendaaðstoðarinnar eftir að leigusali hafði með tölvupósti sagt honum upp leigunni með sex mánaða uppsagnarfresti. Leigutakinn hafði búið í húsnæðinu í rúm fimm ár en aðilar höfðu ekki gert með sér skriflegan leigusamning. Starfsmaður Leigjendaaðstoðarinnar skrifaði leigusala bréf fyrir hönd leigutakans þar sem fram kom að samkvæmt ákvæðum húsaleigulaga ætti leigutaki rétt á eins árs uppsagnarfresti á grundvelli rúmlega fimm ára búsetu hans í fasteigninni. Málinu lauk á þann veg að leigusali samþykkti eins árs uppsagnarfrest leigutakans.

Símatími Leigjendaaðstoðarinnar er á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 12:30-15:00

Flugfélag fer gegn eigin skilmálum

Ferðataska íslenskrar konu eyðilagðist í flugi með erlendu flugfélagi. Taska konunnar var innan við árs gömul og átti konan bæði ábyrgðarskírteini og greiðslukvittun fyrir töskuna. Konan fór fram á að flugfélagið endurgreiði sér upphaflegt verð töskunnar 2.127 SEK en flugfélagið var einungis tilbúið til að greiða konunni 1.558 SEK fyrir töskuna, þrátt fyrir að á heimasíðu flugfélagsins kæmi fram að sé ferðataska sem eyðileggst innan við árs gömul og henni fylgi upphafleg greiðslukvittun, þar sem fram komi verð, og ábyrgðarskírteini endurgreiði flugfélagið upphæðina á greiðslukvittuninni. Á þessum tímamarki setti konan sig í samband við ECC á Íslandi og bað um aðstoð. ECC á Íslandi vann málið í samstarfi við ECC í Noregi sem hafði samband við flugfélagið. Málalok urðu þau að flugfélagið féllst á að bæta konunni töskuna að fullu og greiða henni 2.127 SEK.



Umsýslubókun bílaleigu

Íslensk hjón höfðu leigt sér bílaleigubíl og farið í ferðalag um Ítalíu. Þegar heim var komið fór þeim að berast póstur frá bílaleigunni þar sem þeim var tilkynnt um skuldfærslur á kreditkort þeirra vegna umsýslubókunar sem bílaleigan tók fyrir samstarf við lögregluna. Hjónin furðuðu sig á bréfunum, þau könnuðust ekki við að hafa brotið lög og reglur á ferðalaginu og reyndu að hafa samband við bílaleiguna og fá upplýsingar um hvað málið snérist. Að lokum leituðu hjónin til ECC á Íslandi sem hafði samband við ECC á Ítalíu og bað kollega sína þar að líta á bréfin og upplýsa um hvað málið snérist. Í ljós kom að um lögættar sektir vegna umferðarlagabrotar var að ræða og greiddu hjónin sektirnar eftir að hafa fengið fullvissu um að ekki væri um neitt svindl að ræða.



Þrír það sama og fjórir?

Íslensk kona keypti fjögur kálfaskinn af erlendu fyrirtæki í gegnum vefsíðu fyrirtækisins. Þegar konan sótti sendinguna á pósthúsið kom í ljós að hún hafði einungis fengið afhent þrjú skinn frá fyrirtækinu. Konan hafði samband við fyrirtækið og fór fram á að fá afhent fjórða skinnið, sem hún hafði þegar greitt fyrir. Fyrirtækið hafnaði beiðni konunnar og bar því við að skinnin sem konan hefði þegar fengið afhent væru óvenju stór og því hefði hún fengið það sem hún greiddi fyrir. Hvergi á heimasíðu fyrirtækisins er tekið fram að skinnin séu seld eftir stærð. Þar sem auka stærðin nýttist konunni ekki í það verk sem hún hafði hugsað sér skinnin leitaði hún til ECC á Íslandi. ECC á Íslandi vann málið með ECC í Danmörku og lauk málinu á þann veg að konan fékk fjórða skinnið afhent.

Númeraplata glatast

Erlend kona leigði bílaleigubíl af íslenskri bílaleigu og fór í ferðalag um landið. Á ferð sinni um vestfirði varð konan fyrir því óláni að númeraplata bifreiðarinnar datt af og glataðist. Þegar konan skilaði bílnum aftur til bílaleigunnar rúkaði bílaleigan konuna m.a. um 170 evrur fyrir það að ekki var mögulegt að leigja út bílinn á meðan hann var númerslaus. Konan mótmælti þessu og benti á að hvergi komi fram í skilmálum bílaleigunnar að þeir rukki leigutaka um slíkan kostnað og fór fram á endurgreiðslu 170 evranna. Bílaleigan neitaði að endurgreiða konunni. Konan hafði þá samband við ECC í Austurríki sem vann málið með ECC á Íslandi. Eftir milligöngu ECC á Íslandi lauk málinu á þann veg að konan fékk endurgreiddar 170 evrur eins og hún hafði farið fram á í upphafi.

ENN GRÆNNI JÓL

Góðærið er komið aftur enda spáir Rannsóknasetur verslunarinnar meira en 10% aukningu í jólaverslun samanborið við síðustu jól. Í miðju jólastressinu er samt gott að staldra við og spyrja sig hvort jólin snúist virkilega um magn fremur en gæði. Leyfum ekki neyslubrjá-læðinu að ná tökum á okkur og stela frá okkur sönnum anda jólanna sem snýst um samveru, gleði og góðan mat. Við tökum saman nokkur góð ráð fyrir þá sem vilja forðast skaðleg efni og minnka vistspor sitt yfir jólin.

Jólaljós

Því miður innihalda jólaseríur oft vafasöm efni, enda eru kaplarnir oftast úr PVC plasti sem getur innihaldið hormónaraskandi mýkingarefni ásamt blýi. Oft er sterk lykt af slíku plasti og smám saman gufa skaðlegu efnin upp úr snúrunum og menga inniloftið. Með því að velja LED perur er hægt að lágmarka rafmagnsnotkun jóla ljósa, en auk þess er gott að eiga varaperur í seríurnar til að lengja líftíma þeirra. Svo er líka allt í lagi að leyfa gömlu seríunum bara að njóta sín í stað þess að vera alltaf að kaupa nýjar.

Skrautið

Á hverju ári reyna verslanir að lokka okkur til að kaupa nýtt jólaskraut. En er ekki meiri stemning í því að eiga sama skrautið ár eftir ár og hlakka til að taka það fram aftur? Jafnvel eitthvað sem erfist frá einni kynslóð til annarrar? Einnig er sniðugt að nota efnivið úr náttúrunni, finna fallega köngla, greinar o.fl. til að skreyta með. Lítið sem ekkert eftirlit er með innihaldsefnum í jólaskrauti. Rannsóknir hafa leitt í ljós að skrautið inniheldur oft hættuleg efni svo sem blý, eldvarnarefni, tinsambönd og þalöt sem valda meðal annars astma, fæðingargöllum, krabbameini, námsörðugleikum og æxlunarvandamálum. Einnig er gott að hafa í huga að langstærstur hluti jólaskrautsins er framleiddur í Kína, oft af einstaklingum á mjög lágum launum og við aðstæður sem þykja ekki boðlegar í okkar augum. Verslum frekar íslenskt handgert jólaskraut á jólamörkuðum.

Kerti

Kerti eru notaleg og í hugum margra bráðnauðsynleg við jólahaldið. Þó er gott að hafa nokkur atriði í huga varðandi kertanotkun. Flest kerti eru framleidd úr paraffíni sem er olíuafurð. Betra er að velja kerti úr náttúrulegum hráefnum svo sem stearin (úr dýrafitu) eða býflugnavax. Einnig er góður kostur að velja kerti úr endurunnum kertaafgöngum. Teljósín eru slæmur kostur fyrir umhverfið vegna álbakkanna, en framleiðsla þeirra krefst mikillar orku auk þess sem bakkarnir enda oftast í urðun á ruslahaugunum.

Kerti geta haft mjög slæm áhrif á gæði innilofts. Kerti eyða súrefni en við brennslu þeirra losna einnig ýmis rokgyörn lífræn efni, í versta tilfalli krabbameinsvaldandi smáagnir. Nokkur logandi kerti innanhúss geta haft jafnslæm áhrif og óbeinar reykingar. Fólk með astma og öndunarfærasjúkdóma er viðkvæmast fyrir þeim áhrifum sem mikil brennsla kerta hefur á inniloft, en mikil kertabrennsla hefur meðal annars verið tengd við langvarandi bakteríusýkingar í öndunarfærum. Alverst eru þó ilmkerti sem innihalda ofnæmisvaldandi efni. Börn sem alast upp á heimilum þar sem ilmkerti eru mikið notuð eru því líklegri til að þróa með sér ofnæmi eða astma en önnur börn. Sótmenngun er minni ef kertið brennur hreint og þráðurinn er ekki of langur. Mesta mengunin á sér stað ef þráðurinn ósar lengi þegar slökkt er á kertinu. Örugast er að velja svansmerkt kerti sem eru laus við ilmefni og þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur um sótmengun.

Jólakort

Jólakort hafa haldið vinsældum sínum þrátt fyrir rafvæðingu samfélagsins. Myndir af börnunum og lengri jóla-kveðjur eru vissulega eigulegar minningar, en það má eflaust spá í gildi fjöldaframleiddra korta sem enda í ruslinu eftir jólin. Jólakveðjur á samfélagsmiðlum hafa rutt sér til rúms á seinustu árum enda auðvelt að ná til fjölda fólks án mikils tilkostnaðar og sóunar.

Jólaþriffin

Órtrefjaklútar hafa reynst vel við að minnka notkun hreinsiefna, en nýlega hefur komið í ljós að við þvott þeirra losna plasttrefjar sem enda í sjónum. Gott er að velja umhverfismerkt hreinsiefni fyrir þriffin og forðast sterk ilmefni, enn betra er að notast við heimatilbúin hreinsiefni úr matarsóða, ediki og sitrónusafa, svo fátt eitt sé nefnt. Á netinu er að finna fjölmörg góð ráð varðandi það hvaða efni henta best til hvaða þrifa.

Maturinn

Með því að huga að matarinnkaupum okkar getum við minnkað umhverfisáhrif jólahaldsins svo um munar. Lambakjöt og villibráð eru vistvænni kostir við veislu- borðið en svín og naut, en svo má einnig bjóða upp á nýja og spennandi kosti, svo sem jólalega rôtargrænmetisrétti og fiskrétti sem teljast nauðsynlegur hluti jólanna í mörgum evrópulöndum. Gott er að huga vel að skipulaginu, kaupa bara það sem þarf og reyna að lágmarka matarsóun. Veljum lífrænt hveiti, egg, sykur, súkkulaði, krydd, hnetur o.p.h. í jólabaksturinn.

Gjafir

Neysluhyggjan í samfélaginu birtist hvergi betur en í fjölda jólagjafa. Þurfa þakkarnir virkilega að vera svona margir og dýrir? Heima- og handgerðar gjafir hafa meira gildi, en gjafabréf og upplifanir eru einnig frábær kostur. Nudd & dekur, miðar í leikhús eða bíó, sundkort eða áskrift að blaði eða sjónvarpsstöð - komum hugmyndafluginu af stað! Börnin geta alveg eins haft gaman af spennandi óefnislegum jólagjöfum í stað rándýrs plast- og raftækjadrasls. Leikföng innihalda oft óleyfilega hátt magn af þungmálum, þalötum og öðrum óæskilegum efnum. Veljum endurhlaðanlegar rafhlöður fyrir leikföng sem ganga fyrir rafmagni. Ef matargjafir verða fyrir valinu er sniðugt að versla lífrænt og „fair trade“ merkt. Sniðgöngum ofnæmisvaldandi litarefni í jólanamminu og hugum að heilsu barnanna með því að velja sykurminni valkosti.

Í mjúku þakkana er svo auðvitað best að velja vörur úr lífrænt ræktaðri bómull. Forðumst að gefa fatnað sem er skaðlegur umhverfinu, svo sem vatnspéttan útivistarfatnað með lífrænum flúorefnum eða flísfatnað sem eykur örplastmengun í sjónum.



Ilmvatn er hefðbundin jólagjöf, en ilmefnaofnæmi er vaxandi vandamál í nútímasamfélagi. Gott er að vita að svansmerktar snyrtivörur eru lausar við hormónarskandi og ofnæmisvaldandi efni. Jólabækurnar eru því miður að mestu leyti prentaðir erlendis, en ef kostur gefst er best að velja svansmerkta prentun, einkum ef gera á eigin myndabók.

Þakkarnir

Glitrandi jólapappírinn og borðinn sem fer utan um jólapakkann eru einir mestu skaðvaldar jólanna. Fyrir utan hve sóunin er gríðarleg er slíkur skrautpappír ekki endurvinnanlegur og fer því í urðun. Skrautpappírinn inniheldur einnig oft þungmálma, bísfenól-A og fleiri óæskileg efni. Veljum frekar endurvinnanlegan pappír, notum maskínupappír eða finnum aðrar leiðir til að pakka inn – t.d. fjölnota gjafabox eða gjafapoka.

Jólatré

Ef jólatré er ómissandi hluti jólanna er sjálfsagt að velja íslenskt jólatré. Erlend jólatré hafa verið flutt langa leið með tilheyrandi notkun jarðefnaeldsneytis og loftmengun. Auk þess er oft notað skordýra- og illgresiseitur við ræktun jólatrjáa erlendis, en lítið sem ekkert hérlendis. Plasttré eru ekki góður kostur fyrir umhverfið, en ef slíkt tré er til á heimilinu nú þegar er auðvitað mikilvægt að fara vel með það til að lengja líftíma þess.

Flokkum og skilum

Jólunum fylgir ótrúlegt magn af rusli og mikil sóun. Þössum að flokka allt sem hægt er að flokka og skilum gömlum raftækjum, rafhlöðum, vefnaðarvöru o.fl. á móttökustöð. Spörum og endurnotum sem mest og munum að taka margnota innkaupapoka með þegar við verslum fyrir jólin!

Anne Maria Sparf



Allir fá þá eitthvað fallegt?

Nú þegar aðventan er gengin í garð og jólahátíðin leynist handan við hornið er ekki seinna vænna en að fara að huga að jólapökkunum. Oft er sagt að það sé sælla að gefa en þiggja, það er því eflaust stór hluti af jólagleðinni hjá mörgum og hluti af því að komast í hátíðarskap að finna hina fullkomnu jólagjöf handa fjölskyldu og vinum. Það er þó oftast ekki þannig að það er erfiðara að finna gjöf fyrir suma en aðra og því getur leitinn að hinni fullkomnu jólagjöf endað á þann veg að keypt er gjafabréf. En það er gott að hafa það í huga að það fylgir því ákveðin áhætta að kaupa og gefa gjafabréf. Sú staða getur komið upp að peningurinn sem fór í kaupin á gjafabréfinu glatast. Þetta getur t.d. gerst þegar verslunin verður gjaldþrota eða lokar skyndilega. Þá er ekki óal gengt að þeir sem fá gjafabréf að gjöf hreinlega gleymi gjafabréfinu og það renni út hjá þeim. Ekki liggur fyrir hvert verðmæti þessara gleymdu gjafabréfa er en ljóst er að sú upphæð getur verið talsverð. Segja má að verslunum sé ákveðið hagræði búið með sölu gjafabréfa, því við sölu gjafabréfsins fær verslunin andvirði gjafabréfsins strax inn í rekstur verslunarinnar en á sama tíma eru ákveðin líkindi fyrir því að gjafabréfið verði aldrei innleyst hjá versluninni.

Gildistími gjafabréfa

Gildistími gjafabréfa er misjafn, en hefðbundinn fyrningarfrestur samkvæmt lögum um fyrningu kröfuréttinda er fjögur ár. Seljendur gjafabréfa geta takmarkað

Inneign tapast

Brúðhjón fengu að gjöf inneign í verslun að verðmæti samtals 60.000 kr. Stuttu eftir brúðkaupið lokaði verslunin. Ítrekað var reynt að hafa samband við eiganda verslunarinnar en án árangur. Þessir fjármunir töpuðust.

fyrningarfrestinn, en slíkt verður að koma skýrt fram í skilmálum gjafabréfs. Neytendasamtökin hafa gagnrýnt takmörkun á gildistíma gjafabréfa, enda hafa seljendur fengið fjármuni í hendur sem neytendur hafa greitt og í rauninni mætti taka svo til orða að neytendur veiti seljendum vaxtalaust lán með því að kaupa gjafabréf.

Ekki geyma gjafabréf of lengi

Ekki er ráðlegt að bíða of lengi með það að nota gjafabréf, en verðgildi þeirra getur rýrnað. Eftir því sem tíminn líður eykst hættan á að gjafabréf týnist eða gleymist en einnig er ákveðin hættan á að seljandi verði gjaldþrota og gjafabréfið tapist þannig. Það eru því í raun fyrst og fremst seljendur sem hagnast á sölu gjafabréfa, en þeir ligga þá á peningum neytenda sem hafa skuldbundið sig til að versla hjá viðkomandi. Áhættan af því er gjafabréf verður fyrir valinu í jólapakkann hvílir því í rauninni á neytendum en ekki seljendum. Neytendasamtökunum berast of oft sögur af hremmingum sem neytendur hafa lent í vegna gjafabréfa.

Gjafabréf

Þá eru dæmi um það að gjafabréf hafi tapast þegar líkamsræktarstöðvar loka, jafnvel mánuði eftir að gjafabréfið var keypt og engin leið að endurheimta peninginn sem lagður var inn í fyrirtækið í góðri trú.





Algengar kvartanir eftir jólin

Það er ekki hægt að ganga að því vísu að öllum líki allar gjafirnar sem koma úr jólapökkunum. Til að tryggja að gjöf nýtist þiggjanda sem best er góð regla að kynna sér skila- og skiptireglur verslunarinnar þar sem jólagjöfin fæst, áður en gjöfin er keypt.

Skilaréttur og inneignarnótur

Seljendum er í raun frjálst að móta sínar eigin reglur um skilarétt á ógölluðum vörum og geta því jafn vel tekið þann pólinn í hæðina að hafna með öllu að ógallaðri vöru sé skilað eða skipt. Með öðrum orðum þá er enginn eiginlegur skilaréttur á ógölluðum vörum. Það er þó algengt að fyrirtæki setji sér reglur varðandi það hvernig og hvort mögulegt sé að skila eða skipta ógölluðum vörum hjá viðkomandi fyrirtæki. Við kaup á jólagjöfum er því gott að kanna í upphafi hvort mögulegt sé að skila

vörinni og sé það mögulegt, að kanna því næst hvað skilafresturinn sé langur og að lokum óska eftir skilamiða, ef fyrirtæki býður upp á slíkt fyrirkomulag, svo mögulegt sé að skila vörinni án þess að leggja fram nótu eða kassastrimil.

Margar verslanir á Íslandi veita eingöngu inneignarnótur við vöruskil. Inneignarnótur flokkast sem almennar kröfur og gilda því í fjögur ár, í samræmi við lög um fyrningu kröfuréttinda, nema um annað sé samið eða annað sé beinlínis tekið fram. Þær kvartanir sem berast Neytendasamtökunum varðandi inneignarnótur snúast oftast um að inneignarnótur séu útrunnar, týndar eða gildi ekki á útsöllum hjá viðkomandi verslun. Einnig er algengt að eigandi inneignarnótu nái ekki að leysa hana út í kjölfar gjaldþrots eða eigendaskipta á fyrirtæki.

Útsölur

Verðmerkingar á útsöllum

Í reglum nr. 366/2008 er fjallað um þær reglur sem gilda varðandi útsölur eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Í reglunum kemur m.a. fram að skýrt þurfi að koma fram á sölustað hvaða vörur eru seldar á lækkuðu verði, en söluaðili verður að geta sýnt fram á að vara hafi verið seld á því verði sem auglýst er sem fyrra verð. Þannig er ekki heimilt að hækka verð fyrir útsölu í þeim tilgangi einum að láta afsláttinn virðast meiri. Eftir að vara hefur verið seld á lækkuðu verði í meira en sex vikur telst það verð vera orðið almennt verð og seljandi verður þá að lækka vöruna aftur ef hún á enn að vera á útsölu. Það er á höndum Neytendastofu að hafa eftirlit með reglunum.

Að skila útsöluvöru

Settar hafa verið verklagsreglur um skilarétt, inneignarnótur og gjafabréf. Þessar reglur eru þó leiðbeinandi og verslunum er því ekki skylt að fara eftir þeim, og svo virðist sem reglurnar séu ekki endilega mjög vel þekktar hjá verslunareigendum. Verslanir geta sett sínar eigin reglur varðandi skilarétt, en samkvæmt lögum er verslunum ekki skylt að taka aftur við ógölluðum vörum. Sjaldgæft er að verslanir leyfi skil á vörum sem keyptar eru á útsölu. Það er því mikilvægt að neytendur kynni sér vel þær reglur sem verslunin hefur sett varðandi skilarétt áður en vara er keypt.

Þrátt fyrir að almennt sé ekki heimilt að skila ógölluðum útsöluvörum þá hefur neytandi sama rétt til úrbóta ef útsöluvara er gölluð og ef varan hefði verið seld á fullu verði. Þó myndi ekki teljast galli ef t.d. útlitsgölluð vara er seld á lægra verði vegna gallans. Þá veit neytandinn af gellanum fyrirfram og getur því ekki mætt í verslunina og óskað eftir úrbótum á þeim galla.

Gæðakönnun á sjónvörpum

- Mikið úrval – mörg á tilboði

Neytendablaðið kannaði nýlega úrval sjónvarpstækja á markaði hér á landi og var verð kannað á heimasíðum sjö verslana. Alls voru 223 mismunandi sjónvarpstæki til í þessum verslunum. Af þeim höfðu 110 verið gæðaprófuð af ICRT (International Consumer Research & Testing). Í töflunni hér til hliðar er gæðakönnun og þar eru birtar niðurstöður fyrir 66 tæki með skjástærð 49“ – 55“ en gæðakönnunin er birt í heild sinni á læstum síðum félaga á ns.is. Markaðskönnunin er einnig birt í heild sinni á netinu. Lykilorðið að læstum síðum er að finna á bls. 2 í þessu blaði.

Mikil samkeppni

Á þessum markaði er mikil samkeppni og sést það best á öllum þeim tilboðum sem boðið er upp á og einnig á mismunandi verði á sama tækinu. Í bæði gæðakönnuninni og markaðskönnuninni er lægsta verð birt í töflum. Lægsta verðið er alltaf birt í töflum en í athugasemdum með markaðskönnuninni koma fram tilboðsverð og einnig ef verslanir eru með mismunandi verð á sama tækinu. Neytendur eru hvattir til að fylgjast vel með verðbreytingum ætli þeir sér að kaupa sjónvarp.

Besta einkunn

Einkunn er gefin á bilinu 0,5-5,5 og þar sem 5,5 er hæsta einkunn. Af þeim tækjum sem fá bestu einkunn í gæðakönnuninni raða Samsungtæki sér í efstu sætin. Samsung er langalgengasta merkið, eða með 67 af 223 tækjum, samkvæmt markaðskönnuninni.



Samsung

UE65KS8005

Af þeim sjónvörpum sem voru í könnun ICRT og jafnframt hér á markaði fær þetta sjónvarp hæstu einkunn, eða 4,41. Þetta sjónvarp er ekki töflunni hér í blaðinu en má sjá í töflu á læstum síðum á heimasíðum NS.



Samsung

UE55KS9005

Þetta sjónvarp fylgir fast á eftir með næst hæstu einkunn í könnun ICRT eða 4,40.

Hvað var athugað?

Þegar gæðakönnun er gerð á sjónvörpum er gengið úr skugga um að það sé gert við sömu aðstæður hverju sinni og er þetta gert til að koma í veg fyrir að umhverfið hafi áhrif á niðurstöður. Það sem er athugað hefur mismunandi vægi í heildareinkunn. Einkunnir fyrir eftirfarandi flokka eru hér útskýrðar og vægi hvers flokks kemur fram í sviganum.

Myndgæði (40%)

Eðlilega vega myndgæði mest í gæðakönnuninni. Sjónvörpin eru tengd með HDMI tengi og birta er prófuð. Einnig er athugað hversu vel sést á sjónvarpið ef horft er á það frá mismunandi sjónarhornum. Ljós á það til að speglast í sjónvarpsskjá og trufla áhorf. Kannað er sérstaklega hversu vel sést á sjónvarpið við mismunandi lýsingu. Að lokum er tíðni frábrigða í skjánum athugað og hver myndgæðin eru eftir því hvaða tegund HDMI merkis verið er að nota.

Hljóðgæði (25%)

Hér er lögð áhersla á að prófa hversu hátt er hægt að stilla hljóð sjónvarpsins og hversu mikil hljóðgæðin eru. Mismunandi hljóðstillingar eru einnig prófaðar og hversu mikil gæði þeirra eru.

Tengingar (5%)

Hér er athugað hvers konar, og hve marga, tengimöguleika sjónvarpið býður upp á. Þá er einnig athugað hvort sjónvarpið sé með SCART tengi, AV tengi, HDMI tengi, USB tengi og jafnframt hvaða möguleika tengin bjóða upp á.

Sem margmiðlunarspilari – (í töflu m.m. spilari) (5%)

Margmiðlunareiginleikar sjónvarpsins eru athugaðir í þessum hluta. Kannað er hvort hægt er að tengja USB lykíl eða harðan disk við sjónvarpið og nota það til þess að skoða stafrænar myndir, horfa á myndbönd eða kvikmyndir eða spila tónlist. Auk þess er athugað hvort sjónvarpið bjóði upp á tengingu við internetið á heimilinu og þá hvort hægt sé að tengjast tölvu í gegnum það og skoða skrár af henni með sjónvarpinu.

Snjallsjónvarp (5% af heildareinkunn)

Ef sjónvarpið getur tengst internetinu er athugað hvaða möguleikar eru til staðar. Hvort hægt sé að nota innbyggðan vafra og hvort hægt sé að hala niður smáforritum fyrir sjónvarpið.

Sem upptökutæki (5%)

Athugað er hvort sjónvarpið býður upp á að sjónvarpsefni sem horft er á sé sett á pásu og hvort hægt er að spóla fram og til baka í tækinu. Einnig er athugað hvort hægt sé að taka upp sjónvarpsefni til þess að geta horft á síðar.

Þægindi í notkun (10% af heildareinkunn)

Hér er kannað hversu auðvelt er að setja sjónvarpið upp, tengja það og nota. Einnig skiptir fjarstýringin hér máli og hversu þægilegt það er að stýra sjónvarpinu með henni.

Orkunýtni (5%)

Hér er athugað hve miklu rafmagni sjónvarpið eyðir við notkun. Þá er mæld orkunotkun þegar slökkt er á sjónvarpinu og einnig þegar horft er á það. Orkustillingar sjónvarpsins sem notandinn getur valið til að spara rafmagn á meðan á áhorfi stendur eru einnig prófaðar.

Vörumerki	Verð	Skjá- stærð	Heildar- einkunn	Mynd- gæði	Hljóð- gæði	Teng- ingar	Sem m.m. spilari	Snjall- sjón- varp	Sem upptöku- tæki	Þægindi í notkun	Orku- nýtni
Samsung UE55KS9005	319.995	55"	4,40	4,1	5,0	4,7	4,9	3,9	4,2	4,1	4,3
Samsung UE49KS9005	229.995	49"	4,39	4,2	4,9	4,7	5,0	3,9	4,2	4,1	4,1
Samsung UE55KS8005	249.995	55"	4,39	4,2	4,7	4,7	4,9	3,9	4,2	4,1	4,5
Samsung UE55KS7005	189.995	55"	4,32	4,1	4,6	4,7	4,9	3,9	4,2	4,1	4,4
Samsung UE49KS7005	159.995	49"	4,31	4,2	4,6	4,7	4,9	3,9	4,2	4,1	4,1
Samsung UE49KS8005	199.995	49"	4,30	4,2	4,4	4,7	4,9	3,9	4,2	4,1	4,0
Samsung UE49KU6405	184.900	49"	4,24	4,2	4,6	3,9	5,0	3,9	/	3,9	3,1
Samsung UE49KU6475	149.900	49"	4,24	4,2	4,6	3,9	5,0	3,9	/	3,9	3,1
Samsung UE49KS7505	194.995	49"	4,24	4,0	4,5	4,7	4,9	3,9	4,2	4,1	4,1
LG 55EG960V	399.995	55"	4,24	4,4	4,3	4,4	4,6	3,2	3,5	4,3	3,1
LG 55EF950V	399.995	55"	4,21	4,3	4,5	4,4	4,6	3,2	3,5	4,1	3,6
Samsung UE55KU6505	199.900	55"	4,16	4,1	4,2	4,1	5,0	3,9	4,2	3,9	4,0
Samsung UE55KU6515	189.995	55"	4,16	4,1	4,2	4,1	5,0	3,9	4,2	3,9	4,0
Samsung UE55KU6655	189.900	55"	4,16	4,1	4,2	4,1	5,0	3,9	4,2	3,9	4,0
Samsung UE55KU6675	184.995	55"	4,16	4,1	4,2	4,1	5,0	3,9	4,2	3,9	4,0
Samsung UE49KU6505	189.900	49"	4,16	4,1	4,2	4,1	5,0	3,9	4,2	3,9	3,9
Samsung UE49KU6515	154.995	49"	4,16	4,1	4,2	4,1	5,0	3,9	4,2	3,9	3,9
Samsung UE49KU6655	159.900	49"	4,16	4,1	4,2	4,1	5,0	3,9	4,2	3,9	3,9
Samsung UE49KU6675	149.995	49"	4,16	4,1	4,2	4,1	5,0	3,9	4,2	3,9	3,9
Samsung UE55KS7505	237.514	55"	4,15	4,0	4,2	4,7	4,9	3,9	4,2	4,1	4,4
LG 55UH850V	299.990	55"	4,13	4,0	4,4	4,3	4,6	3,2	4,2	4,2	4,1
Samsung UE55KU6405	199.900	55"	4,08	4,0	4,1	4,1	5,0	3,9	4,2	3,9	4,1
Samsung UE55KU6475	179.900	55"	4,08	4,0	4,1	4,1	5,0	3,9	4,2	3,9	4,1
Samsung UE55KS5505	159.900	55"	4,04	3,7	4,4	4,1	4,9	3,9	4,2	3,8	4,6
Samsung UE50KU6075	89.995	50"	4,03	4,1	4,1	4,0	4,9	3,9	4,2	3,9	2,8
LG 55UH950V	269.995	55"	4,02	4,0	4,0	4,3	4,7	3,2	4,2	4,2	3,6
LG 49UH770V	179.990	49"	4,00	3,7	4,3	4,3	4,6	3,2	4,2	4,2	4,0
Samsung UE49K5505	118.900	49"	3,94	3,6	4,1	4,1	4,9	3,9	4,2	3,9	4,4
Samsung UE49K5515	89.995	49"	3,94	3,6	4,1	4,1	4,9	3,9	4,2	3,9	4,4
Samsung UE55KU6075	164.995	55"	3,91	4,1	3,5	3,9	5,0	3,9	/	3,8	3,7
Sony KDL55W75CBAE	139.995	55"	3,81	4,0	3,5	5,0	4,4	2,9	/	3,2	4,4
Sony KD55X8505CBAEP	201.617	55"	3,80	3,8	3,8	5,0	4,9	2,9	/	3,4	3,5
Panasonic TX50DX700E	169.995	50"	3,76	3,7	3,7	4,2	4,3	3,6	4,3	3,6	3,8
Sony KDL50W809CBAEP	137.097	50"	3,73	4,0	3,2	5,0	4,4	2,9	/	3,2	4,4
Sony KDL55W808CBAEP-S	145.089	55"	3,71	4,0	2,9	5,0	4,4	2,9	/	3,2	4,9
LG 49UH650V	114.995	49"	3,66	3,2	3,8	4,2	4,5	3,2	4,2	4,0	4,2
Philips 49PUS7101	129.990	49"	3,65	3,7	3,6	5,0	4,5	2,8	3,3	3,0	3,6
Sony KD55SD8505BAEP	254.991	55"	3,63	3,5	3,7	5,1	5,0	2,9	3,0	3,3	3,8
LG 49UH610V	89.995	49"	3,60	3,3	3,6	4,0	4,5	3,2	4,2	4,0	4,1
Sony KD55XD8505BAE	174.995	55"	3,53	3,7	2,9	5,1	5,0	2,9	3,0	3,3	4,1
Sony KD55XD8599	185.487	55"	3,53	3,7	2,9	5,1	5,0	2,9	3,0	3,3	4,1
Sony KD49X8305CBAEP	145.162	49"	3,52	3,6	2,9	5,0	4,4	2,9	/	3,4	4,0
Sony KD49XD7005	139.991	49"	3,52	3,6	3,0	5,0	4,9	2,9	3,0	3,4	3,8
LG 49UH668V	129.990	49"	3,51	3,4	2,8	4,2	4,7	3,2	4,2	4,2	4,3
LG 49UH750V	139.995	49"	3,50	3,4	2,8	4,2	4,8	3,2	4,2	4,2	4,3
Philips 55PUS7101	179.995	55"	3,49	3,7	2,9	5,0	4,5	2,8	3,3	3,0	3,9
Philips 49PUS7181	199.995	49"	3,48	3,6	3,0	5,0	4,5	2,8	3,3	3,0	3,7
LG 55UH600V	129.995	55"	3,45	3,4	3,1	3,8	4,6	3,2	3,5	3,6	4,3
LG 55UH668V	159.990	55"	3,44	3,0	3,1	4,2	4,7	3,2	4,2	4,2	4,2
Samsung UE49K5105	89.995	49"	3,44	3,6	3,3	2,9	2,3	/	/	3,9	3,8
Philips 55PUS6501	144.995	55"	3,40	3,6	2,7	5,0	4,5	2,8	3,3	3,0	3,8
Philips 55PUS6561	149.995	55"	3,40	3,6	2,7	5,0	4,5	2,8	3,3	3,0	3,8
LG 55UH750V	169.995	55"	3,35	3,4	2,3	4,2	4,6	3,2	4,2	4,2	4,4
Panasonic TX50CS520E	149.995	50"	3,31	2,8	3,5	3,8	4,0	3,6	4,3	3,4	4,6
Philips 55PUS7181	249.990	55"	3,31	3,7	2,2	5,0	4,5	2,8	3,3	3,0	4,0
Philips 49PUS6501	109.995	49"	3,29	3,4	2,8	5,0	4,6	2,8	3,3	3,0	3,3
Philips 49PUS6561	119.995	49"	3,29	3,4	2,8	5,0	4,6	2,8	3,3	3,0	3,3
Panasonic TX49DX650E	124.995	49"	3,25	2,9	3,2	4,1	4,3	3,6	3,0	3,5	3,7
LG 55UH650V	149.995	55"	3,25	2,7	3,6	4,2	4,5	3,2	4,2	4,0	4,1
Philips 55PUS8601	319.990	55"	3,23	3,4	2,3	5,0	4,5	3,2	4,2	2,8	3,6
Sony KD55XD9305BAE	259.990	55"	3,17	3,4	2,0	5,1	5,0	2,9	3,0	3,4	3,7
Panasonic TX49DX600E	139.995	49"	3,10	2,6	3,2	4,1	4,2	3,6	4,3	3,6	3,6
Thomson 50UA6406	119.990	50"	3,08	3,2	2,9	4,3	2,5	2,4	/	2,6	3,5
LG 49LH570V	114.990	49"	3,06	2,9	2,1	3,5	4,8	3,2	/	4,0	4,9
TCL U55S7906	159.995	55"	3,01	2,6	3,3	4,7	3,9	2,4	/	2,5	4,0
LG 49LH510V	69.995	49"	2,79	3,0	1,3	2,5	2,9	3,2	4,0	3,9	5,0

Neytandinn

- Öflugt verðlagseftirlit í höndum neytenda!



Neytandinn er miðapp, sem ætlað er til söfnunar, úrvinnslu og birtingar gagna af innkaupastrímlum. Með smíði kerfis Neytandans er stefnt að því markmiði að opinbera og auðvelda samanburð á verðlagi dagvöru, fyrst um sinn á Íslandi og síðar erlendis. Neytandinn virkar þannig að notendur appsins taka í lok innkaupaferðar mynd inni í appinu af kassastrímlinum og láta síðan appið senda myndina inn í miðlægt kerfi. Appið greinir því næst gögnin á strímlinum og skráir hvað var keypt, hvar og hvenær. Með þessu móti búa notendur Neytandans til gagnagrunn þar sem finna má upplýsingar um verðlag og verðlagsþróun verslana. Í fyrstu verður einungis hægt að gera þennan verðsamanburð á Íslandi. Einnig mun appið sækja verðupplýsingar inn á netsíður verslana, þegar fram líða stundir, og stefnt er að því að einnig verði hægt að gera verðsamanburð við útlönd.

Notendur hafa í kerfinu aðgang að eigin gögnum, og hinum almenna gagnabanka, og sjá þar gagnlegar upplýsingar um bæði eigin neyslu, almennt verðlag og verðlagsþróun. Þannig fá notendur Neytandans yfirlit yfir eigin gögn og geta á sínu svæði fylgst með eigin neyslu og fengið ábendingar um hvernig þeir geta hagað innkaupum með sem hagkvæmustum hætti. Neytandinn opnar þannig möguleika á verðsamanburði á vörum og vöruflokkum t.d. í tíma og milli landsvæða og verslana. Notendur kerfisins taka þátt í að efla eftirlit með verðlagi og veita markaðnum raunverulegt aðhald.

Til að byrja með er lögð áhersla á vinnslu verðlagsupplýsinga í Neytandanum en ljóst er að úr gagnagrunni Neytandans má vinna mikið magn annarra upplýsinga varðandi neyslu og matvælamarkað og síðar aðra markaði. Nái kerfi Neytandans að stuðla að verðlagslækkun þó ekki væri nema um 0,5% sparar það kaupendum dagvöru á Íslandi tæpan milljarð árlega beint. En einnig eru til staðar óbein áhrif af notkun Neytandans þar sem lækkun dagvöruverðs hefur áhrif til lækkunar verðbólgu, sem dregur úr hækunaráhrifum verðtryggingar lána. Neytandinn er því afar hagkvæmt kerfi út frá þjóðhagslegum hagsmunum

Vandamálið

Aðgengi að upplýsingum um verðlag á dagvörumarkaði á Íslandi hefur ekki verið eins og best væri ákosið. Fjölmargir aðilar safna verðlagsupplýsingum og stunda verðlagseftirlit í einhverri mynd, t.d. ASÍ, Hagstofan, greiningardeildir bankanna, framleiðendur, heildsölur og verslanir. Aðferðafræðin við verðkannanir af þessu tagi hefur undanfarna áratugi ekki tekið miklum breytingum en algengast er að fólk sé sent inn í verslanir þar sem það annað hvort handskráir hilluverð eða kaupir vörur og skráir svo kassaverð. Þetta er dýr og tímafrek aðgerð og er langt frá því að geta skilað rauntímaupplýsingum um verðlag sem raunverulega nýtast neytendum.

Aðgengi að upplýsingum um verðlag á dagvörumarkaði á Íslandi hefur ekki verið eins og best væri ákosið

Lausnin

Neytendur fá með Neytandanum, neytendaappinu, daglega í hendur tugi kílómetra af óvæfengjanlegum verðlagsgögnum; sjálfa innkaupastrímlana. Með Neytandanum er hinn almenni borgari virkjaður í að safna þessum gögnum og senda á einn stað þar sem hægt er að lesa þau, skrá í miðlægan grunn og gera aðgengileg. Neytandinn bætir þannig til muna aðgengi neytenda að verðlagsupplýsingum. Neytendur fá með tilkomu Neytandans tækifæri til að taka upplýstari ákvarðanir um hvar þeir versla sem leiðir til lækkaðs kostnaðar fyrir þá.

Neytendasamtökin fá einstakt verkfæri til að rannsaka og kortleggja markaðinn til eftirfylgni á vaktinni fyrir neytendur. Neytandinn leiðir óvæfengjanlega í ljós hvernig gengis-, tolla- skatta- og vörugjaldabreytingar skila sér

inn í verðlagið. Þannig verður Neytandinn ómetanleg upplýsingaveita til neytenda og auðveldar þeim að taka upplýstar ákvarðanir um innkaup.

Neytandinn mun sjálfkrafa vinna með verslunum og smásöluaðilum, sem kappkosta að bjóða neytendum gott verð og verða hvöss svipa á þá sem ætla að gera út á háa álagningu á kostnað neytenda.



NEYTENDASTARF ER Í ALLRA ÞÁGU

10-11	Húsasmiðjan	Samtök fjármálaþyrftækja
A4	Iceland	Samtök iðnaðarins
Afl starfsgreinafélag	Icelandair	Samtök verslunar og þjónustu
Aldan stéttarfélag	Innes	Sjómannafélag Eyjafjarðar
Arion banki	Ísfugl	Sjómannasamband Íslands
ASÍ	Íslandsbanki	Sjóvá
Atlantsolía	Íslandsþóstur	Skeljungur
Árbæjarapótek	Kaffitár	Sláturfélag Suðurlands
Banarar	Kaskó	Smith & Norland
Bandalag háskólamanna	Kennarasamband Íslands	Stéttarfélag Vesturlands
Báran stéttarfélag	Kjarnafæði	Stéttarfélagið Samstaða
Borgun	Kjörís	Sölufélag garðyrkjumanna
Bónus	Krónan	Tryggingamiðstöðin
BSRB	Kvika	Valitor
Byggið félag byggingamanna	Landssamband lögreglumanna	Vátryggingafélag Íslands
Byko	Landsbankinn	Verkalýðs- og sjómannafélag
Bændasamtök Íslands	Litróf	Keflavíkur og nágrennis
Efling stéttarfélag	MS	Verkalýðs- og sjómannafélag
Eimskip	Myllan	Sandgerðis
Eining-löjja	Nathan & Olsen	Verkalýðsfélag Akraness
Endurvinnslan	Nettó	Verkalýðsfélag Grindavíkur
Ferðaskrifstofa Íslands	Norðlenska	Verkalýðsfélag Snæfellinga
Ferskar kjötvörur	Norðurorka	Verkalýðsfélag Suðurlands
Félag atvinnurekanda	Olís	Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri	Ora	Verkalýðsfélagið Hlíf
Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni	Orka náttúrunnar	Verslunarmannafélag Suðurnesja
Fjallalamb	Orkan	Víðir
Fjarðarkaup	Ormsson	Vinbúðin
Flugfélag Íslands	Póstmannafélag Íslands	VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna
Framsýn, stéttarfélag Þingeyinga	Rúmfatalagerinn	Vodafone
Grafía – stéttarfélag í prent- og miðlunargeiranum	Samkaup-Strax	Vörður tryggingar
Hagkaup	Samkaup-Úrval	WOW air
HS veitur	Samskip	Öryggismiðstöðin
	Samsungsetrið	
	Samtök ferðaþjónustunnar	

NOKKUR ATRIÐI VARÐANDI SKIL Á LEIGUÍBÚÐ

Leigjendaaðstoð Neytendasamtakanna berast fjöldi fyrirspurna og erinda varðandi ágreiningsmál sem viðkoma húsaleigu í hverjum mánuði. Það er margt sem þarf að hafa í huga þegar kemur annars vegar að leigu og hins vegar skilum á leiguhúsnæði. Í þeim efnum getur t.d. skipt máli varðandi réttarstöðu leigjenda hvort leigusamningur aðila var gerður fyrir eða eftir gildistöku laga nr. 36/2016 um breytingu á húsaleigulögum, þann 22. júní á þessu ári. Undanfarin misseri hefur stór hluti erinda sem borist hafa Leigjendaaðstoðinni snúið að vandamálum sem upp geta komið við skil á leiguíbúð. Í eftirfarandi umfjöllun er stiklað á stóru varðandi nokkur af þeim álitaeftum sem komið hafa inn á borð Leigjendaaðstoðarinnar síðustu misserin.

Skil á leiguíbúð

Þegar skila á leiguíbúð vakna ýmsar spurningar hjá leigjendum. Algengar spurningar sem Leigjendaaðstoðinni berast varðandi þetta málefni varða t.d. það hvort leigjandi eigi að mála íbúð áður en hann skilar henni, hvort leigjandi eigi að greiða sjálfsábyrgð vegna tjóns sem bætist af húseigendatryggingu, hvort leigjandi eigi rétt á endurgreiðslu frá leigusala vegna lásaskipta, o.s.frv. Þegar leiguíbúð er skilað á hún að vera í sama ástandi og hún var þegar leigjandi tók við henni, fyrir utan eðlilegt slit. Leigjanda er almennt ekki heimilt að ráðast í framkvæmdir eða breytingar á leiguhúsnæði nema með samþykki leigusala og þá þarf einnig að semja um hvað verði um endurbæturnar þegar leigjandi flytur út, þ.e. hvort leigusali muni greiða leigjanda fyrir endurbæturnar o.s.frv. Ef ekki er samið um neitt slíkt eignast leigusali endurbæturnar við skil eignarinnar án þess að hann þurfi að greiða sérstaklega fyrir þær. Þá getur leigusali einnig krafist þess að leigjandinn komi eigninni í upprunalegt horf. Taki leigjandi með sér innréttingar eða annað slíkt sem hann hefur komið upp í íbúðinni verður hann að gæta þess að koma íbúðinni í sama ástand og hún var í þegar hann tók við henni, áður en hann skilar henni af sér. Þá þarf íbúðin að vera hrein þegar leigjandi skilar henni af sér. Við skilin þarf leigjandi einnig að skila öllum lyklum að íbúðinni til leigusalans og hafi leigjandi skipt um lás á íbúðinni á eigin kostnað á hann ekki rétt á endurgreiðslu frá leigusala vegna þess.

Er nægilega vel þrifið?

Við skil á leiguíbúð getur sú staða komið upp að leigusali er ósáttur við þrif íbúðarinnar eða telur að leigjandinn hafi valdið skemmdum á íbúðinni og neiti þess vegna að skila leigjandanum hluta eða öllu tryggingarfénu. Álitaeftni varðandi þessa hluti hafa margsinnis komið til úrlausnar hjá kæruneftnd húsamála. Af álitum kæruneftndarinnar má ráða að í slíkum málum þá sé það frekar leigusalans að sanna að það sem hann heldur fram sé satt og rétt frekar en að það sé leigjandans að sanna að það sem leigusali haldi fram sé rangt. Með öðrum orðum hefur kæruneftndin metið það svo að það sé leigusali sem beri sönnunarbyrðina þegar deilt er um t.d. tjón af hálfu leigjenda á íbúðinni eða þrif. Varðandi sönnun í málum sem þessum, og reyndar öllum málum sem varða leiguíbúðir, er mikilvægt að úttekt hafi verið framkvæmd í upphafi leigutímans eða að til séu einhver gögn sem sýni fram á í hvaða ástandi íbúðin var á þeim tíma er útleiga hófst. Ef t.d. er um að ræða myndir sem teknar hafa verið af íbúðinni þegar útleiga hófst, eða um það tímamark, þá er nauðsynlegt að þær séu dagsettar, til að þær hafi eitthvert sönnunargildi.

Hver á að mála?

Það er nokkuð algengt að leigusalar setji inn í leigusamninga sína ákvæði þess efnis að leigjandi skuli mála íbúðina áður en hann skili henni. Með þessu er leigusali í raun að velta ákveðnum viðhaldsskyldum sem á honum hvíla samkvæmt húsaleigulögum, yfir á leigjandann. Fram til 22. júní á þessu ári, þegar lög nr. 36/2016 um breytingu á húsaleigulögum tóku gildi, gildi sú regla varðandi þetta atriði að ef leigusali fór fram á að leigjandi málaði íbúðina áður en hann skilaði henni varð leigusali að slá af leigugreiðslunum að sama skapi á móti. Hafi leigusali ekki veitt afslátt af leigugreiðslum á móti málningarvinnu leigjanda er leigjanda ekki skylt að uppfylla þess kröfu leigusala. Það verður þó að telja eðlilegt að leigjandi máli og sparsli veggja þar sem leigjandinn hefur neglt nagla eða annað slíkt, þar sem krafa laganna er sú að íbúðin skilist í sama ástandi og hún var í þegar leigjandi tók við henni. Þetta atriði hefur margsinnis komið til kasta kæruneftndar húsamála, sbr., t.d. ÁKH 14/2013: Leigjandi leitaði til kæruneftndarinnar vegna ágreinings hans og leigusala hans um skil á tryggingarfé. leigjandinn hafði haft íbúð á leigu í sextán mánuði en við lok leigutíma hélt leigusali eftir kostnað

við málun íbúðarinnar, þrif og leigu vegna fjögurra daga sem það tók að mála íbúðina af tryggingarfé leigjandans. Leigjandinn mótmælti því að þurfa að greiða kostnað vegna þessara atriða, en íbúðin hefði ekki verið máluð árum saman. Leigusali vísaði hins vegar í ákvæði leigusamningsins um að leigjandi skyldi greiða fyrir heilmálun á íbúðinni við lok leigutíma, alþrif, bónhreinsun og bónun gólfa auk hluta úttektarkostnaðar. Enn fremur bæri leigjanda að greiða leigu vegna þess tíma sem tæki að standsetja íbúðina. Nefndin rakti ákvæði húsaleigulaga um að leigusali skyldi sjá um að halda leiguíbúð í leiguhæfu ástandi, m.a. með því að mála með hæfilegu millibili. Þó væri heimilt að semja um að leigjandi skyldi taka að sér aukið viðhald en þá ætti leigan líka að lækka á móti. Í samningi aðila kæmi hins vegar ekkert fram um að leigjandi ætti að fá afslátt af leigunni gegn því að sjá um málun íbúðarinnar. Taldi nefndin því að leigusala hefði verið óheimilt að nota tryggingarféð til að greiða fyrir málun, þrif á íbúð og leigu fyrir þann tíma sem tók að mála og þrifa eignina. Eftir gildistöku laga nr. 63/2016 um breytingu á húsaleigulögum nr. 36/1994 er leigusala ekki lengur skylt að veita afslátt á móti því þegar leigjandi tekur á sig ákveðnar viðhaldsskyldur leigusala, eins og t.d. að mála, heldur geta aðilar nú samið um að leigjandi taki að sér vissar viðhaldsskyldur án þess að samhliða sé samið um ákveðna lækkun leigugreiðslna. Leigjendaaðstoðinni hefur ekki þótt þessi nýja regla til bóta fyrir leigjendur og hefur bent velferðarráðuneytinu á þá auknu fjárhagslegu byrgðar sem reglan getur veilt yfir á leigjendur.

Húseigendatrygging leigusala

Þegar skila á íbúð getur komið í ljós að brotnað hefur upp úr keramikhelluborði eldavélarinnar, lekið hefur undir ísskápnum og parketið skemmst eða að sprunga sé í rúðu í íbúðinni. Undir þessum kringumstæðum vaknar spurningin; Hver á að greiða fyrir viðgerðina? Samkvæmt húsaleigulögum skal tjón á hinu leigða, sem er bótaskyldt samkvæmt skilmálum venjulegrar húseigendatryggingar, ætíð borið af leigusala sé um íbúðarhúsnæði að ræða. Hefur reglan verið túlkuð á þann máta að leigusali skuli ávallt bera slíkan kostnað hvort sem hann hefur tekið sér húseigendatryggingu eða ekki. Reglan hefur lengi verið í húsaleigulögum en öðru hvoru koma upp mál þar sem deilt er um það hvort leigjandi eða leigusali skuli bera kostnað vegna sjálfsábyrgðar tryggingarinnar. Leigusalar vilja oft meina að það sé leigjandans að greiða sjálfsábyrgðina sem fellur til vegna tryggingarinnar en það er ekki í samræmi við reglu laganna né álit kærunefndar húsamála varðandi þetta atriði. Með lögum nr. 63/2016 var allur vafi tekin af varðandi þetta álitafni en nú kemur skýrt fram í lagatextanum að leigusali skuli bera tjón á hinu leigða, sem er bótaskyldt samkvæmt skilmálum venjulegrar húseigendatryggingar, þar á meðal sjálfsábyrgð váttryggingartaka samkvæmt skilmálum tryggingarinnar, svo framarlega sem um íbúðar-

húsnæði er að ræða. Eina vafaatriðið sem eftir stendur er hvort leigusali geti krafði leigjanda um greiðslu sjálfsábyrgðarinnar þegar tjón má rekja til saknæmrar háttsemi leigjandans. Það virðist ekki hafa reynt á þetta atriði fyrir kærunefnd húsamála, enn sem komið er, og húsaleigulögin eru þögn um þetta atriði, því er erfitt að fullyrða nokkuð um það hvernig færi með slíkar kröfur. Hafa skal í huga varðandi ofangreint atriði að tjón sem almennt bætist af húseigendatryggingu er sjaldnast hægt að rekja til einhvers sem leigutaki gerði eða gerði ekki, mun líklegra er að tjónið verði rakið til vanrækslu á viðhaldi af hendi leigusala eða einfaldlega til algjörlega ófyrirsjáanlegra atburða.

Deilt um ábyrgð

Deilt var um ábyrgð leigutaka í sambandi við tjón vegna vatnsleka. Aðilar voru ekki sammála um orsök lekans, en leigutaki taldi hann stafa frá svalagólfi en leigusali sagði hann koma frá þvottavél eða vaski. Leigusali krafði leigutaka um greiðslu kostnaðar vegna sjálfsábyrgðar húseigendatryggingar. Kærunefndin leit til aðstæðna og sagði húsaleigulögin kveða á um greiðsluskyldu leigusala í þeim tilvikum þegar tjón er bætt úr húseigendatryggingu. Af þeim sökum var greiðsluskyldu leigutaka hafnað.

Breytingar á greiðslu húsaleigubóta

Þann 21. nóvember sl. opnaði Vinnumálastofnun við formlega athöfn Greiðslustofu húsnæðisbóta sem staðsett er á Sauðárkróki. Við sama tilefni var vefur Greiðslustofunnar, www.husbot.is formlega opnaður. Ný lög um húsnæðisbætur taka gildi 1. janúar 2017 og mun Greiðslustofa húsnæðisbóta þá formlega taka við verkefnum sveitarfélaganna sem varða útgreiðslu húsnæðisbóta. Inni á hinum nýja vef www.husbot.is er að finna allar upplýsingar sem varða húsnæðisbætur og umsóknarferlið sjálft auk þess sem þar er að finna reiknivél sem hjálpar leigjendum að átta sig á upphæð mögulegra húsnæðisbóta. En allir þeir sem nú þegar fá húsaleigubætur þurfa að sækja um húsaleigubæturnar upp á nýtt á hinum nýja vef Greiðslustofu húsnæðisbóta en fyrstu greiðslur með þessu nýja fyrirkomulagi verða greiddar út 1. febrúar 2017.



HVERSU ÖRUGGT ER NÝJA DEBET-KORTIÐ ÞITT?

Nýlega hófu fjármálafyrirtæki að bjóða upp á svokallaðar „snertilausar greiðslur“. Í tengslum við það fengu viðskiptavinir fyrirtækjanna send ný debet-kort sem bjóða upp á þennan möguleika. Um er að ræða greiðslukort sem krefjast þess ekki að slegið sé inn pin-númer þegar greiðsla er á bilinu 3.500 - 5.000 krónur, en fjárhæðin er mismunandi og fer eftir því hvernig kort um ræðir. Þannig er hámark á hverri einstakri greiðslu en einnig þarf að slá inn pin-númer þegar heildarfjárhæð greiðslu fer yfir 10.500 krónur. Þegar pin-númer er slegið inn endurnýjast heimildin sem gerir það að verkum að hægt er að halda áfram að greiða með „snertilausri greiðslu“ þar til 10.500 króna hámarkinu er náð aftur o.s.frv. Í kynningarmyndbandi frá færsluhirði þessara korta kemur fram að snertilaus kort séu framtíðin, að þetta fyrirkomulag sé vel þekkt annars staðar í Evrópu og að um örugga leið til að greiða fyrir vöru og þjónustu sé að ræða.

Þegar snertilausu kortin voru gefin út voru þau send til viðskiptavina án þess að þeim væri gefinn kostur á að halda áfram að nota eldri kort sem krefjast þess að pin-númer sé slegið inn í hvert sinn sem greitt er með kortinu. Margir voru hissa á þessari framkvæmd, enda hafði herferðin „Pinnið á minnið“ nýlega verið allsráðandi og þar var korthöfum gerð grein fyrir því hversu mikilvægt það væri að muna pin-númer kortsins, enda öryggisatriði sem kæmi algjörlega í veg fyrir að óprúttir aðilar geti verslað vörur út á kort sem tilheyru þeim ekki. Eins og flestum er kunnugt var það þannig á ábyrgð verslunarinnar að kanna hvort notandi debet-korts væri raunverulegur korthafi þess áður en posinn snéri að viðskiptavininum, en eftir að þeirri framkvæmd var snúið við var ábyrgðin komin yfir á korthafann. Honum bar því að passa vel upp á pin-númerið sitt til að koma í veg fyrir að hægt væri að nota kortið í annarlegum tilgangi. Með þetta í huga var komin aukin ábyrgð á korthafa varðandi það að geyma aldrei pin-númer og kort saman, enda gæti

slíkt talist stórkostlegt gáleysi sem korthafi yrði sjálfur að bera ábyrgð á.

Með tilkomu snertilausra greiðslna virðist ofangreint allt hafa breyst, svo lengi sem fjárhæðirnar séu undir ákveðnu hámarki.

Hvaða reglur gilda ef kortinu mínu er stolið?

Fyrir nokkrum árum, áður en herferðin um „pinnið á minnið“ fór af stað, þurfti viðskiptavinur að afhenda greiðslukort þegar hann keypti vöru eða þjónustu, enda var það seljandi vörunnar eða þjónustunnar sem renndi kortinu í gegn. Þá hvíldi, eins og áður segir, skyldan á að kanna hvort sá sem var að nota kortið væri raunverulega korthafi þess, á seljandanum. Ef seljandi gerði það ekki og í ljós kom að óprúttinn aðili var að nota kortið þá bar seljandi ábyrgð á því. Sú skylda hvíldi þó alltaf á korthafa að tilkynna kortið glatað um leið og hann áttaði sig á því.

Þegar þessu fyrirkomulagi var breytt og korthafi var allt í einu sjálfur farinn að slá inn pin-númer breyttist ábyrgð seljandans. Þannig var seljandinn ekki lengur ábyrgur ef óprúttinn aðili var að nota kort í heimildarleysi. Þegar svo bar undir var málið aðeins flóknara og giltu ákvæði laga um greiðsluþjónustu um slík tilvik. Af þeim leiddi að korthafi skyldi ekki bera ábyrgð á slíku nema greiðslu mætti rekja til notkunar á týndu eða stolnu korti eða korthafi hafi ekki uppfyllt skyldu sína til þess að tryggja „persónubundna öryggisþætti greiðslumiðilsins“ og skyldi korthafi þá greiða sjálfábyrgð sem næmi jafnvirði 150 evra, eða um 18.000 íslenskar krónur. Ef korthafi sýndi hins vegar af sér stórkostlegt gáleysi við meðferð kortsins þá þurfti hann að bera allt tjónið sjálfur. Í þessu sambandi má gera ráð fyrir að stórkostlegt gáleysi gæti til dæmis falist í því að korthafi geymi pin-númer og kort í einu og sama veskinu eða ef korthafi myndi tilkynna sérstaklega um það á fjöldasamkomu hvert pin-númer kortsins væri og myndi síðan henda kortinu út í

Snertilaus viðskipti eru vissulega þægileg og hafa í för með sér ákveðinn tímasparnað. En á kostnað hvers?

mannhafið. Eins og gefur að skilja þyrfti því eitthvað stórkostlegt að koma til svo ábyrgðin félli öll á korthafa vegna óheimilaðar úttekta.

Í grófum dráttum er þetta staðan eins og hún var þar til nýlega. Korthafar gátu því talist ansi öruggir gagnvart því að óprúttir aðilar gætu ekki notfært sér kort þeirra þó þeir finndu kortið úti á götu eða stælu því úr veski korthafa, enda hefðu þeir þurft pin-númer kortsins til þess.

Svo komu snertilausu greiðslurnar

Það var svo nýlega sem þetta breyttist allt saman. Einn daginn kom umslag í póstinum með nýja snertilausa kortinu og í einu vetfangi voru korthafar ekki jafn öruggir og áður. Vissulega eru þetta ekki háar fjárhæðir sem hægt er að ná út af kortinu með snertilausum greiðslum, en 10.500 krónur eru þó mikill peningur fyrir suma og flesta munar um slíka fjárhæð. Þá stendur eftir að átta sig á því hvaða þýðingu þetta hefur fyrir korthafa og hvar þeir standa ef óprúttinn aðili kemst yfir kort þeirra og fer í verslunarleiðangur. Þegar korthafar hafa sent fyrirspurn á viðskiptabanka og útgefendur snertilausra korta eru svörin á eina leið: „Sömu reglur gilda um ábyrgð korthafa og hafa verið í gildi hingað til“.

Þessi svör svara þó í raun engu um það hvort korthafi þurfi að bera tjónið sjálfur eða ekki, enda gera lög um greiðsluþjónustu ráð fyrir sjálfsábyrgð korthafa upp á 18.000 krónur eins og áður segir. Sú upphæð er töluvert yfir 10.500 króna hámarkinu sem mögulegt er að nota kortið til að greiða með snertilausum greiðslum áður en það þarf að endurræsa þá heimild með pin-númeri og verndar korthafa því ekki. Hvergi á vefsíðu útgefanda slíkra korta eða á vefsíðu viðskiptabankanna, sem fjalla þó ítarlega um snertilausu kortin, er að finna svör við því hvað gerist ef kortinu er stolið og það notað án heimildar. Þó kemur fram á heimasíðu VISA á Íslandi að það sé háð skilmálum viðkomandi viðskiptabanka og lögum hvort korthafi „tapi peningum ef þjófur notar snertilausa kortið“. Af þeim sökum verðum við að líta aftur til laga um greiðsluþjónustu.



Við skulum ímynda okkur einstakling sem er í verslun þegar kortaveskinu hans er stolið, án hans vitundar. Óprúttinn aðili fer síðan í þrjár verslanir og verslar fyrir 2.500 krónur, 3.000 krónur og 3.000 krónur. Samtals eru þetta því úttektir upp á 8.500 krónur, sem er innan marka snertilausa kortsins og þess vegna þarf ekkert pin-númer. Í kjölfarið áttar ímyndaði einstaklingurinn sig á því að kortinu hans hefur verið stolið og tilkynnir hann það til síns viðskiptabanka. Eftir stendur spurningin um það hver beri ábyrgð á þessum úttektum. Í lögum um greiðsluþjónustu segir að korthafi eigi að fá andvirði færslna endurgreitt en ein af undantekningunum frá þeirri reglu er gerð varðandi óheimilaðar greiðslur sem rekja má til notkunar á týndu eða stolnu korti. Við þær aðstæður kemur 18.000 króna sjálfsábyrgðin til, sem þýðir að ímyndaði einstaklingurinn okkar mun ekki fá tjón sitt bætt enda er tjón hans töluvert undir því marki.

Er þetta afturför í öryggi?

Snertilaus viðskipti eru vissulega þægileg og hafa í för með sér ákveðinn tímasparnað. En á kostnað hvers? Það er ljóst af framangreindu að sé snertilausu korti stolið eða það týnist og óprúttinn aðili nær að nota kortið áður en korthafi nær að tilkynna útgefanda kortsins um það þá þarf korthafi að bera tjónið sjálfur. Herferðin um „pinnið á minnið“ sem átti að auka öryggi korthafa er því farin fyrir lítið, þegar um lægri fjárhæðir er að ræða. Þó verður að hafa í huga að það sem einn telur vera lága fjárhæð getur verið töluvert fjárhæð í huga annars. Í þessu sambandi er mikilvægt að átta sig á því að neytendur fengu ekki að ráða því hvort debet-kort þeirra yrði snertilaust, heldur var þeim einfaldlega sent nýtt snertilaust kort. Þegar sú ákvörðun var tekin var jafnframt tekin ákvörðun um að auka á áhættu neytenda á því að þeir verði fyrir fjárhagslegu tjóni ef þeir glata kortinu eða því er stolið og þeim tekst ekki að tilkynna um það til viðskiptabanka eða útgefanda kortsins áður en óprúttinum aðila tekst að versla vörur út á kort þeirra. Af þeim sökum hlýtur þetta að teljast afturför í öryggi, jafnvel þó um sé að ræða fyrirkomulag sem þekkist víðsvegar annars staðar í Evrópu.

HEIMURINN Í HÆTTU

Nýlega gáfu náttúruverndarsamtökin World Wide Fund (WWF) út svarta skýrslu um ástand umhverfisins og þær ógnir sem að okkur steðja vegna þess. Ekki fer á milli mála að staðan er grafalvarleg og án tafarlausra aðgerða stefnir í óafturkræfa eyðileggingu náttúrunnar og hrun nútímasamfélagsins.



Að sögn Marco Lambertini, framkvæmdastjóra samtakanna WWF, hafa merkin aldrei verið skýrari en nú hvað þetta varðar. Við höfum aldrei búið yfir meiri vitneskju og skilningi á samspili þeirra náttúrulegu kerfa sem viðhalda lífi á jörðinni en akkúrat núna. Eins höfum við aldrei fyrr verið eins meðvituð um það tjón sem menn hafa þegar valdið á umhverfi jarðarinnar.

Allt frá iðnbyltingunni hafa athafnir manna valdið staðbundinni mengun og hnignun umhverfisins. Á undanförunum áratugum hafa vandamálin og eðli mengunar breyst þannig að gjörðir okkar hafa nú áhrif á heilsu plánetunnar í heild og nú reynir á getu náttúrunnar á að viðhalda kerfum sem eru bráðnaðsynleg fyrir afkomu okkar manna og hreinlega alls lífs á jörðinni.

Vistspor okkar manna er 1,6 Jarðir

Náttúran sér okkur m.a. fyrir fæðu, hreinu lofti, vatni, orku, hráefnum, lyfjum ásamt ýmsu öðru sem við þurfum til að lifa af og líða vel. Auðlindir náttúrunnar eru takmarkaðar, en ágangur okkar í þær er orðinn svo ósjálfbær að árlegt vistspor mannsins samsvarar 1,6 sinnum burðargetu Jarðar. Á hverju ári göngum við á höfuðstól náttúrunnar og endurnýjunargeta hennar minnkar.

Við getum einungis í skamman tíma leyft okkur að höggva niður tré hraðar en ný ná að vaxa, nýtt fiskistofna hraðar en þeir endurnýjast eða losað meiri koltvísýring út í andrúmsloftið en skógarnir og sjórinn geta gleypt. Afleiðingar ofnýtingar náttúrulegra auðæfa hafa þegar komið í ljós – vistkerfum og tegundum hnignar ásamt því að áhrif loftslagsbreytinga verða áþreifanleg. Því miður fer ástandið versnandi ár frá ári, þar sem ásókn mannskepnunnar í auðlindir jarðar eykst stöðugt m.a. vegna fólksfjölgunar og aukinar velmegunar með tilheyrandi neyslu.

Mannfólkinu fjölgar stöðugt en áætlaður fjöldi mannkyns hefur farið frá því að vera 1,6 milljarði árið 1900 í 7,3 milljarða í dag. Mannfjöldaspá Sameinuðu þjóðanna gerir ráð fyrir að árið 2030 verði jarðarbúar um 8,5 milljarðar talsins, 9,7 milljarðar árið 2050 og allt að 11,2 milljarðar árið 2100. Það ætti að vera öllum ljóst að Jörðin mun ekki geta uppfyllt þarfir slíks mannfjölda án algjörs hruns náttúrulegra kerfa. Ábyrgð okkar sem búum í hinum vestræna heimi er þó mest, enda er vistspor okkar allt að 20 sinnum stærra en vistspor íbúa í þróunarríkjum.

Dýrastofnum og búsvæðum hnignar

Gögn sýna að stofnstærðir hryggdýra hafa þegar minnkað um 58% frá árinu 1970 til 2012. Hnignunin er áframhaldandi og er um 2% árlega. Með öðrum orðum munu 2/3 dýrastofna okkar vera horfnir eftir fáein ár.

Stofnstærðir landhryggdýra hafa þegar minnkað um 38%, stofnstærðir ferskvatnsteigunda allt að 81% og sjávartegunda um 36%. Það eru því engar ýkjur þegar vísindamenn segja að sjötta fjöldaútrýming dýra í sögu Jarðar, sé hafin.

Hnignun dýrastofna má að miklu leyti rekja til ofnýtingar og búsvæða sem tapast. Tap búsvæða á sér meðal annars stað sökum útbreiðslu landbúnaðar, skógarhöggs, vegagerðar, þéttbýlisþróunar, orkuframleiðslu, námuvinnslu og stífluframkvæmda. Ofnýting stofna er sérlega algeng í útgerð, en á sér jafnframt stað á landi þar sem fjölmargar tegundir eru í hættu sökum ósjálfbærra og ólöglegra veiða.

Mengun á einnig stóran þátt í hnignun dýrastofna. Mengun getur verið beinn valdur að dauða dýra, eða haft áhrif á framboð fæðu og á getu til æxlunar. Loftslagsbreytingar verða sífellt stærri ógn fyrir fjölmargar dýrategundir, en þar má meðal annars nefna

dauða kóralrifja og súrnun hafsins. Enn fremur munu langvarandi þurrkar, flóð, stormar og breytingar á hitastigi hafa áhrif á fjölmargar tegundir dýra í framtíðinni. Auk þess eru ágengar og framandi tegundir útbreitt vandamál, en þær geta meðal annars keppt við innfæddar tegundir um búsvæði, fæði og aðrar auðlindir eða borið með sér framandi sjúkdóma.

Nýjar lausnir

Við þurfum að innleiða nýjar leiðir til að mæla velferð og auðlindanotkun, þar sem hugsað er til náttúrunnar og þarfa framtíðarkynslóða við ákvarðanatöku. WWF vekur sérstaka athygli á tveimur kerfum sem þarf að gjörbylta til þess að tryggja viðunandi framtíð fyrir líf á jörðu en þetta eru kerfi sem varða annars vegar orkuframleiðslu og hins vegar matvælaframleiðslu.

Til að byrja með þarf heimurinn að skipta yfir í endurnýjanlega orkugjafa hið snarasta til að hægja á loftslagsbreytingum og loftmengun. Auk þess er nauðsynlegt að minnka kjötneyslu og matarsóun, enda er landbúnaður og einkum kjötframleiðsla meðal stærstu sökudólganna þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda.

WWF samtökin kalla jafnframt eftir aukinni sjálfbærni í matvælaframleiðslu sem byggir á heilðrænni sýn sem tekur tillit til náttúrunnar og samfélagsins og treystir í auknum mæli á náttúrulega ferla í stað kemískra efna og notkun jarðefnaeldsneytis.

Stærsta áskorun mannkyns frá upphafi siðmenningar

Skýrsla WWF undirstrikar þá staðreynd að við eigum eingöngu eina Jörð og auðlindir hennar eru takmarkaðar. Í núverandi framleiðslu-, neyslu, fjármála- og stjórnkerfum leynast innbyggðir gallar sem leiða til ofnotkunar auðlinda og eyðileggingar náttúrunnar. Til þess að snúa við blaðinu þurfum við grundvallarbreytingar á lögum og reglugerðum ásamt breytingum á gildum og siðferði sem stýra daglegu lífi okkar og hegðun, með það að markmiði að finna leiðir til að sinna þörfum okkar innan þeirra marka sem náttúran setur okkur. WWF kallar þetta stærstu menningar- og hegðunarbyltingu mannkyns frá upphafi siðmenningar.

Þrátt fyrir þær sláandi upplýsingar um ástand lífs á jörðu sem lagðar eru fram í skýrslunni, er ekki öll von úti og samtökin hafa trú á getu mannsins til að bregðast við og finna lausnir til að endurheimta vistkerfi, tryggja áframhaldandi líf á jörðu og mannsæmandi lífskjör fyrir komandi kynslóðir.

Anne Maria Sparf



Samkvæmt landdýra mælingum LPI (The Terrestrial Living Planet Index) hefur stofnum landdýra alls fækkað um 38% á tímabilinu frá 1970 til 2012.



LPI mælingar fyrir ferskvatnisska sýna að meðaltali hefur þeim tegundum sem eru undir eftirliti fækkað um 81% frá 1970 til 2012.



LPI mælingar sjávar gefa til kynna 36% heildar hnignun tegunda á tímabilinu 1970 til 2012.

Ógnir

Töpuð búsvæði og niðurbrot



Ofangreint sýnar til þess þegar umhverfi tegundar breytist á þann máta að mikilvæg einkenni búsvæðisins hverfa alveg eða gæði þeirra minnka. Áigengar orsakir tapaðs búsvæðis eru m.a. vegaframkvæmdir, skógarhögg, ósjálfbær landbúnaður og útbreiðsla borga til áður ósnerra landsvæða.

Ofnýting tegunda



Þæði er hægt að ofnýta tegund með beinum og óbeinum hætti. Þegar talað er um ofnýtingu með beinum hætti er t.d. átt við ósjálfbærar veiðar, veiðijófnæð og aðra ofnýtingu, hvort sem er til framfærslu eða verslunar. Óbein ofnýting á sér t.d. stað þegar aðrar tegundir, eins og t.d. hákarlar, skjaldbökur og hófrungar, en þær sem verið er að veiða flækjast í net fiskveiðiskipa.

Mengun



Mengun getur haft bein áhrif á dýrategundir. Dæmi um það þegar mengun hefur bein áhrif á dýrategundir er þegar búsvæði tegundarinnar verður þeim óbyggilegt eins og t.d. gerist þegar öfla vegna olíuleka á sjó kemur á land. Þá getur mengun einnig haft óbein áhrif á dýrategundir, en dæmi um það væri t.d. þegar mengun hefur áhrif á fæðuframboð eða æxlunargetu tegundar, með þeim afleiðingum að með tímanum fækkar einstaklingum innan tegundarinnar.

Nýjar tegundir og sjúkdómar



Nýjar tegundir geta keppt við innfæddar/landlægar/staðbundnar tegundir um landsvæði, mat og aðrar auðlindir. Þá geta nýjar tegundir einnig reynst vera rándýr gagnvart þeim tegundum sem fyrir voru ásamt því að þeim geta fylgt sjúkdómar sem þekktust ekki hjá þeim tegundum sem fyrir voru á svæðinu. En það eru ekki bara dýrin sem flytja með sér sjúkdóma á milli landsvæða heldur líka mannfólk, sem getur flutt sjúkdóma með sér frá einum stað á hnetinum til annars.

Loftslagsbreytingar



Með breytingum á hitastigi jarðar munu sumar tegundir þurfa að aðlagja sig breyttu loftslagi. Áhrif loftslagsbreytinga á tegundir eru oft óþess. Breytingar á hitastigi geta t.d. ruglað tegundir og haft með því áhrif t.d. á árstíðarbundna flutninga fugla frá einum stað til annars á þann máta að þeir eiga sér stað á röngum árstíma.

Mannfjöldi í heiminum

Spá yfir fólksfjölgun í heiminum til ársins 2100

2015		7,3 billjón
2030		8,5 billjón
2050		9,7 billjón
2100		11,2 billjón

Heimild: United Nations Department of Economic and Social Affairs, Population Division, World population prospects: The 2015 Revision



Leður er skinn eða húð af dýri sem búið er að súta. Með sútnun er skinninu umbreytt í sterkt varanlegt efni sem er síðan notað í margskonar hluti svo sem skó, fatnað og áklæði á húsgögn svo eitthvað sé nefnt. Þrjár algengustu tegundirnar af skinum sem unnin eru í leður eru af nautum, svínum og kindum en af þessum þremur tegundum er skinnið af nautinu langsterkast því þræðirnir í því skinni eru sverir og sterkir. Styrkleiki svína- og kindaskinns er svipað, en leður unnið úr skinum úr svína- eða kindaskinni er ekki eins sterkt og leður sem unnið er úr nautshúð. Vegna þess er leður sem unnið er úr svína- og kindaskinni meira notað í skó og fatnað en nautaskinnið er síður notað í fatnað þar sem það er þykkara og þyngra og hentar því ekki eins vel í flíkur.

Allt leður, sama af hvað skepnu það kemur, hefur sömu uppbyggingu. Í skinninu eru þræðir sem leggjast í kross og mynda tígul. Þessir tíglar geta opnast eða teygst og orðið að ferhyrningum, þessi uppbygging gefur húðinni teygjanleika sem er afar nauðsynlegur eiginleiki leðurs. Þá skiptir máli hvernig leðrið snýr, en leður þvert yfir bók getur teygst meira en leður frá haus og aftur á hala.

Þræðirnir sem mynda tígla í leðrinu og skapa teygjanleika þess eru í hundruðum af lögum og liggja þeir sterkustu yst. Til þess að þræðirnir geti hreyfst þarf að viðhalda raka í leðri, ef raka er ekki viðhaldið verður leðrið þurrkt og stíft, þræðirnir hætta að hreyfast og leðrið byrjar að springa og brotna. Það er því mikilvægt að bera þar til gerð efni á leðrið til að auka endingartíma þess. Sem dæmi um mikilvægi þess að viðhalda raka í leðri þá getur leðursófi sem ekki er vel hugsað um hvað rakastig varðar en er mikið notaður enst lengur en sófi sem lítið er hugsað um og lítið er notaður og stendur jafnvel þar sem sólin skín beint á hann eða upp við ofn. Þetta er vegna þess að leðrið í sófanum fær raka frá mannfólkinu sem sest í hann. Þannig getur mikið notaður leðursófi enst lengur en lítið notaður sófi, þrátt fyrir vanhírðu.

Hvernig er leður unnið?

Þegar búið er að flá skepnuna sem vinna á leðrið úr er næsta skref að hreinsa allt hár af skinninu. Að því ferli loknu er skinnið sútað. Til þess að hægt sé að nota skinnið og vinna það áfram í leður þarf að meðhöndla það á ákveðin hátt m.a. til að koma í veg fyrir rotnun en sútnun er vinnsluáðferðin sem notuð er til þess. Til eru ýmsar sútnunaraðferðir og munurinn á þeim er aðallega fólgin í efnunum sem notuð eru við sútnunina og draga þá sútnunaraðferðirnar venjulega nafn sitt af þessum efnum eins og t.d. jurtasútnun þar sem ýmis efni úr jurtaríkinu eru notuð við sútnunina. Í upphafi sútnunarfélisins er skinnið lagt í vökva til að skola salt úr húðinni, því næst er yfir-, fituhúð og hár losuð með kalklausn. Eftir það er húðin afkölluð, tyrð og böðuð í sútnunarefnum sem geta verið margvísleg og mismunandi. Þegar sútnun er lokið er þykkt leðursins ákveðin og skinnið gegnumlitað og elt. Leðrið er klofið í mismunandi þykktir og eru þrjár flokkar algengastir, 0,8 - 1,2 mm., 1,3 - 1,9 mm., og 2,0 til allt að 4,0 mm. Eftir því sem farið er lengra frá hárhúð skinnsins því lélegra verður leðrið. Fyrst er það ysta lag skinnsins þ.e. lagið þar sem hárin uxu á dýrinu, því næst kemur sá hluti skinnsins sem í daglegu tali er kallað rúskinn, innsta lagið eða það lag sem er næst kjötinu nefnist spalt og er oftast nefnt bacal þegar búið er að líma á það örþunna plasthúð, þetta er lélegasta leðrið. Það er algengur misskilningur að því þykkara sem leður er því sterkara sé það en í raun og veru skiptir þykkt leðurs ekki máli varðandi slit. Þykkt leðurs skiptir aftur á móti máli varðandi teygni leðursins. Það fer eftir aðstæðum og í hvað á að nota leðrið hverju sinni hvort hentar betur að nota þunnt eða þykkt leður.

Þegar búið er að ákveða hversu þykkt á að skera skinnið er það litað í þar til gerðri þvottavél. Í þvottavélinni er leðrið látið veltast þar til það er vatnslitað í gegn. Að þvotti loknum er leðrið þurrkað. Á þessu stigi er leðrið eins og pappi. Næst er leðrið sett í tromlu sem snýst ásamt tveimur til fimm boltum á slærð við fótbolta við þetta eltist leðrið en þessi meðferð liðkar um þræðina í

Þrjár algengustu tegundirnar af skinnnum sem unnin eru í leður eru af nautum, svínum og kindum

leðrinu þannig að þeir fara að vinna og virka, teygjast og togna. Að þessu loknu er leðrið tekið og strekkt. Þegar hér er komið við sögu er farið í það vandasama verk að yfirborðslita leðrið. Ef sett er of mikið af málningu er hári og svitaholum í leðrinu lokað og þá kemst engin næring eða raki í gegn, þá er leðrið í raun orðið eins og spaltið sem er plasthúðað. En ef sett er of lítið af málningu þá er of litlu af hári og svitaholum lokað og óhreinindi eiga auðveldara með að komast ofan í leðrið.

Hvað er Bicast leður?

Bicast leður einnig þekkt sem bi-cast leður eða PU leður er ekki 100 % leður. Bicast leður er búið til úr mikið lagskiptu leðri sem er síðan styrkt með polyethylen sem er algengasta plastefnið sem framleitt er í dag. Með nútíma tækni er hægt að kljúfa leður í mjög mörg lög og eru löggin sem notuð eru í bicast líklegast lélegasta leðrið sem kemur af skepnunni og án plastefnisins sem það er styrkt með væri jafnvel ekki hægt að nota það. Þegar búið er að plasta þetta leðurlag er yfirborð skinnsins meðhöndlað á ákveðinn máta til að láta það líkjast ekta leðri. Svo mikil líkindi geta verið með útliti bicast leðurs og ekta leðurs að auðvelt er að ruglast á bicast og 100 % leðri. Þó að bicast leður geti litið út eins og 100 % leður þá býr það ekki yfir sömu eiginleikum og ekta leður. Það er ekki sami teygjanleikinn í bicast leðri og í 100 % leðri. Þá er bicast leður líklegra til að springa eða rifna þar sem teygjanleika skinnsins vantar m.a. af þessum ástæðum er efnið því ekki nærri eins endingargott og ekta leður. Bicast leðrinu er þó ekki alls varnað, það er til að mynda mun ódýrara en ekta leður og það er töluvert auðveldara að halda því hreinu en ekta leðri. En þó bicast leður sé að nokkru leiti unnið úr skinni er ekki rétt að kalla efnið ekta leður.

Umhirða leðurs

Ekta leður er dýr vara og því er mikilvægt fyrir neytendur að geta nálgast allar helstu upplýsingar varðandi umhirðu leðursins hjá söluaðila, þ.e. hvernig er best að þrifa leðrið og hvaða efni má nota til þess. Til að geta veitt neytendum þessar upplýsingar á sem bestan máta þarf söluaðilinn því að vita hvaða vöru hann er að selja, hvernig leður er í vörunni og hvernig á að hugsa um það til að endingin verði sem best. Kaupandanum ber að sjálfsgöðu að afla sér upplýsinga um umhirðu viðkomandi vöru og fylgja vel eftir leiðbeiningum söluaðila ef

hann vill að endingartími vörunnar verði sem lengstur og bestur. Ekta leður þarfnast töluverðrar umhirðu og ef vel er að málum staðið endist leðurhúsgagn lengi, jafnvel áratugum saman. Bicast leður hins vegar þarfnast ekki eins ítarlegrar umhirðu og endist að sama skapi ekki eins lengi. En það getur t.d. skipt verulegu máli þegar um ekta leðurhúsgagn er að ræða hvar það er staðsett á heimilinu ef húsgagnið stendur t.d. á sólríkum stað í húsinu eða mjög nálægt ofni sem alltaf er heitur getur það haft mikil og neikvæð áhrif á endingartíma leðursins. Þá er einnig verulegur munur á verði ekta leðurs og bicast leðurs og m.a. þess vegna er mikilvægt að afla sér greinargóðra upplýsinga um umhirðu bicast annars vegar og ekta leðurs hins vegar áður en fjárfest er í t.d. dýru sófasetti. Það er því allra hagur að söluaðili sé meðvitaður um, nákvæmlega hvaða leður hann er að selja og upplýsi væntanlega viðskiptavinum sína um það og þá jafnframt hvernig eigi að hugsa um leðrið, sé um ekta leður að ræða. Það gæti einnig verið snjallráð hjá söluaðilanum að bjóða til kaups þau efni sem best er að nota við umhirðu leðursins. Það má ekki gleyma því að það er jafnframt á ábyrgð kaupandans að kynna sér vel hvaða leður hann er að kaupa og hvernig á að hugsa um það.



NEYTANDINN!

Neytendaappið hjálpar neytendum að halda utan um innkaupin.
Veitir samanburð á milli verslana. Verðvakt í símanum þínum!



Væntanlegt í byrjun árs 2017

(Verður auglýst nánar á vefsíðunni www.neytandinn.is)



Neytendasamtökin
frjáls félagasamtök síðan 1953

